



# Ársskýrsla HSH 2010



## 73. Héraðsþing HSH

Rif 13. apríl 2011



**Landsbankinn**

## **Ársskýrsla HSH 2010**

Umsjón með útgáfu: Garðar Svansson

Prófarkalestur: Garðar Svansson

Umbrot og prentun: Steinprent ehf.

Upplag: 80 eintök.

Skýrsla stjórnar:

- 5 Skýrsla formanns
- 5 Stjórn HSH
- 6 Íþróttamenn HSH 2009
- 7 Heiðursviðurkenningar

Fundir, þing og námskeið:

- 9 46. sambandsþing UMFÍ
- 9 Íþróttaping ÍSí 2009

Ýmsar upplýsingar:

- 10 Fréttapunktur frá ÍSí
- 11 Fréttapunktur frá UMFÍ
- 14 Aðildarfélög og formenn félaga
- 14 Lottó úthlutunarreglur HSH
- 14 Stærð félaga og tekjur af lottói

Skýrslur nefnda og ráða HSH

- 18 Knattspyrnuráð
- 18 Sundráð

Skýrslur aðildarfélaga HSH:

- 19 Skotgrund
- 19 Golfklúbburinn Vestarr
- 19 Fótoltasamstarfið
- 21 UMF. Víkingur
- 21 Golfklúbbur Staðarsveitar
- 22 Hestamannafélagið Snæfellingur
- 23 UMF. Snæfell
- 27 UMF. Grundarfjörður
- 29 Golfklúbburinn Mostri
- 31 Ársreikningar:



**K.G. fiskverkun ehf.**

# Skýrsla stjórnar

## Skýrsla formanns

Góðir félagar

Á árinu 2010 náðust glæsilegir árangra hjá aðildarfélögum HSH. Hæst ber þar Íslands og bikarmeistartitlar Snæfells í körfubolta karla. Einnig var frábær árangur hjá Víking í knattspyrnunni, Lengjubikarmeistarar B-deildar og Íslandsmeistarar 2 deildar. Þessi árangur ber þess vott að vönduð og örugg umsjón er með því starfi sem unnið er hjá íþróttahreyfingunni. Það er ekki sjálfgefið að slíkt sé til staðar heldur eru það í flestum tilfellum fáir einstaklingar sem eru drifkraftir slíks starfs. Með metnaði og dugnaði ná þeir að virkja stóran hóp með sér til starfsins. Þegar þannig er staðið að málum verður starfið auðveldara og skemmtilegt að taka þátt. Því er nauðsynlegt fyrir forystufólk í félags og íþróttastarfi að miðla verkefnum og leyfa öllum þeim sem gefa sig fram til að starfa, að taka þátt og fela þeim verkefni við hæfi. Með því náum við að viðhalda því mikla og góða starfi sem Ungmennna og íþróttahreyfinginn er að skila til

samfélagsins í dag. Við þurfum allar þær hendur sem við getum fengið til að starfa með okkur. Starf sambandsins og aðildarfélaga var í flestu hefðbundið. Fjölmenni sótti Borgnesinga heim á ULM 2010 en keppendur HSH voru 84. Mikill fjöldi fylgir keppendum HSH á þessi mót og hefur verið svo alla tíð. Næsta mót verður haldið á Egilsstöðum og gengur undirbúningur fyrir það mjög vel. Samstarf aðildarfélaga í knattspyrnustarfi hefur einnig gengið vel, vakning er í frjálsíþróttastarfi innan héraðs, góð uppbygging í blakstarfinu. Víkingur kominn af stað með karlalið í körfubolta, UMFGGrundarfjarðar býður upp á karate kennslu. Og að auki hafa félög verið með kynningar á öðrum íþróttum eins og fimleikum. Eins og sést í skýrslu okkar fyrir árið 2010 hefur starfið verið gott og allt útlit fyrir áframhaldandi góðæri í þeim málum.

Kær kveðja

Garðar Svansson  
Form. HSH

## Stjórn HSH starfsárið 2010 - 2011

|                             |               |         |
|-----------------------------|---------------|---------|
| Garðar Svansson             | Form.         | UMFG    |
| Hermundur Pálsson           | v. Form.      | Snæfell |
| Hjörleifur Kr. Hjörleifsson | meðtjórnanndi | Snæfell |
| Alexander Kristinsson       | ritari        | Reyni   |
| Tómas Freyr Kristjánsson    | gjaldkeri     | UMFG    |

|                             |            |            |
|-----------------------------|------------|------------|
| Varastjórn                  |            |            |
| Högni Högnason              | varastjórn | Mostra     |
| Edda Sóley Kristmannsdóttir | varastjórn | Snæfelling |
| Guðbjörn Egilsson           | varastjórn | Víking     |

Framkvæmdastjóri: Garðar Svansson

Skoðunarmenn reikninga: Gunnar Kristjánsson  
Kristján Guðmundsson



# Skeljungur

## Íþróttamenn HSH 2009

### Íþróttamaður HSH 2010

Þorsteinn Már Ragnarsson

### Hestiþróttamaður HSH

Sigurodd Pétursson,

hann var knapi ársins hjá Snæfelling

### Sundmaður HSH

María Alma Valdimarsdóttir keppti á Íslandsmeistaramóti Garpa sem fram fór á Siglufirði í byrjun október. Keppti í 4 greinum og var Íslandsmeistari í öllum.

Setti 1 Íslandsmet í sínum flokki.

### Körfuknattleiksmaður HSH

Hlynur Bæringsson var útnefndur besti leikmaður Iceland Expressdeildar 2009-2010

Besti varnarmaðurinn í Iceland Expressdeildinni 2009-2010 Í úrvalsliði Iceland Expressdeildarinnar 2009-2010

Valinn besti körfuknattleiksmaður kkd. Snæfells 2009-2010 fyrirliði Íslands- og bikarmeistara Snæfells.

Skoraði 20.1 stig að meðaltali í leik Tók 14. 2 fráköst að meðaltali í leik. Gaf 3.5 stoðsendingar í leik að meðaltali Bætti skotnýtingu sína um 8% í tveggja stiga skotum, um 16.3% í þriggja stiga og 18.1 % í vítaskotum. Hlynur Bæringsson tók mataræðið á hærri stall og hóf að æfa skipulega tvisvar á dag, sannur leiðtogi innan sem utan vallar.

### Kylfingur HSH

Hugrún Elísdóttir, forgjafarlægsta kona Vestarr, Klúbbmeistari 2010, var í sveitaliði Vestarr í sveitakeppni GSÍ,

í liði vestarr sem vann vinaklúbbakeppni við Mostra, Vesturlandsmeistari, 2 sæti kvenna á HSH móti,

1 sæti á Gullhamarinn, kvennamót í Borgarnesi, Hefur tekið virkan þátt í kvennastarfi klúbbsins,

### Knattspyrnumaður HSH

Þorsteinn Már Ragnarsson en hann er tvítugur sóknarleikmaður og var valinn besti leikmaður Víkings Ó 2010. Hann var lykilmáður í Víking en félagið vann alla 7 deildarbikarleikina og varð B Lengjumeistari. Liðið komst alla leið í undanúrslit í Vísu bikarnum þar sem Víkingur tapaði fyrir FH en það var eini tapleikur félagsins frá 1. mars til loka Íslandsmóts. Á Íslandsmótinu vann félagið 18 leiki og gerði 4 jafntefli sem þýddi að félagið fékk 58 stig sem er Íslandsmet í stigasöfnun.

Hann spilaði 34 leiki í ár með Víking frá Ólafsvík, í deildarbikar, VISA-bikar og í deild. Hann skoraði alls 25 mörk og þar af 18 í deild og endaði hann þar næst markahæstur. Hann var valinn í lið ársins af leikmönnum í 2. Deild ásamt því að vera valinn efnilegasti leikmaðurinn sem spilaði í þeirri deild. Síðan í lokahófi Víkings var hann valinn efnilegasti leikmaðurinn.

### Blakmaður HSH

Sunna Björk er 19. ára gömul og spilar með UMFG í 3. deild í blaki. Sunna hefur tekið mjög miklum framförum í blaki á árinu 2010 og er orðinn hörkusmassari. Einnig eru uppgjafirnar hennar mjög beittar.

Sunna Björk er þrúður leikmaður og öllum blakiðkendum sönn fyrirmynd. Hún leggur sig 100% fram bæði á æfingum og í leikjum. Sunna Björk er framtíðar leikmaður í blaki og teljum við að hún sé vel að titlinum komin.

Fyrir utan íþróttahæfileikanna er Sunna góð fyrirmynd í alla staði. Hún leggur stund á heilbrigðan lífstíl og reykir ekki.

The logo for SJÓVÁ, featuring the word "SJÓVÁ" in white, bold, sans-serif capital letters centered within a solid blue rounded rectangle.

## Frá ÍSÍ

### Þjónustumerki

|                  |              |      |
|------------------|--------------|------|
| Kristján Jónsson | UMF. Eldborg | 1963 |
|------------------|--------------|------|

### Silfurmerki

|                             |                               |      |
|-----------------------------|-------------------------------|------|
| Kristján Þórðarson          | UMF. Staðarsveit              | 1997 |
| Eggert Kjartansson          | Íþróttafélag Miklaholtshrepps | 1998 |
| Elfa Ármannsdóttir          | UMF. Víking                   | 1998 |
| Ríkharður Hrafnkelsson      | Golfklúbbnum Mostra           | 2003 |
| Garðar Svansson             | UMF. Grundarfjarðar           | 2003 |
| Páll Guðmundsson            | Golfklúbbnum Vestarr          | 2007 |
| Kristín Halla Haraldsdóttir | UMF. Grundarfjarðar           | 2008 |

### Gullmerki

|                           |              |      |
|---------------------------|--------------|------|
| Magnús Alexandersdóttir   | UMF. Snæfell | 1987 |
| Sigurþór Hjörleifsson     | UMF. Snæfell | 1992 |
| Þóra Kristín Magnúsdóttir | UMF. Trausti | 1997 |
| Kjartan Páll Einarsson    | UMF. Snæfell | 1998 |
| Þorbergur Bæringsson      | UMF. Snæfell | 2010 |

## Frá UMFÍ

### Gullmerki

|                         |              |      |
|-------------------------|--------------|------|
| Magnús Alexandersdóttir | UMF. Snæfell | 1992 |
|-------------------------|--------------|------|

### Starfsmerki

|                             |                               |      |
|-----------------------------|-------------------------------|------|
| Þórður Gíslason             | UMF. Staðarsveitar            | 1972 |
| Stefán Ásgrímsson           | Íþróttafélag Miklaholtshrepps | 1972 |
| Ottó Árnason                | UMF. Víkingur                 | 1972 |
| Kristján Jónsson            | UMF. Eldborg                  | 1972 |
| Jón Pétursson               | UMF. Grundarfjarðar           | 1973 |
| Jónas Gestsson              | UMF. Víking                   | 1984 |
| Pálmi Frímannsson           | UMF. Snæfell                  | 1988 |
| Hildur Sæmundsdóttir        | UMF. Grundarfjarðar           | 1996 |
| Stefán Jóhann Sigurðsson    | UMF. Víking                   | 1997 |
| Guðrún A. Gunnarsdóttir     | UMF. Snæfell                  | 1997 |
| Sigurþór Hjörleifsson       | UMF. Snæfell                  | 1997 |
| Grétar D. Pálsson           | UMF. Snæfell                  | 1997 |
| Vilborg Lilja Stefánsdóttir | UMF. Víking                   | 1998 |
| Eiður Björnsson             | UMF. Grundarfjarðar           | 1998 |
| Bryndís Jónasdóttir         | UMF. Staðarsveit              | 1999 |
| Garðar Svansson             | UMF. Grundarfjarðar           | 2000 |
| Hjörleifur Kr. Hjörleifsson | UMF. Snæfell                  | 2003 |
| Gunnar Svanlaugsson         | UMF. Snæfell                  | 2003 |
| Guðmundur Runólfsson        | UMF. Grundarfjarðar           | 2003 |
| Vilhjálmur Pétursson        | UMF. Grundarfjarðar           | 2003 |
| Margrét Þórðardóttir        | UMF. Staðarsveit              | 2004 |
| María A. Valdimarsdóttir    | UMF. Snæfell                  | 2006 |
| Sigrún Ólafsdóttir          | UMF. Víking                   | 2006 |
| Gunnar Kristjánsson         | UMF. Grundarfjarðar           | 2008 |
| Kjartan Páll Einarsson      | UMF. Snæfell                  | 2008 |
| Kristján Þórðarsson         | UMF. Staðarsveit              | 2009 |
| Sesselja Pálsdóttir         | UMF. Snæfell                  | 2010 |
| Dagný Þórisdóttir           | UMF. Snæfell                  | 2010 |

## 73. Héraðsþing HSH

*Haldið miðvikudaginn 13 apríl 2011 kl. 18:00*

*í KG fiskverkun Rífi.*

### Dagskrá:

1. Þingsetning
2. Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara
3. Skipun kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til Samþykktar
7. Kosning nefnda þingsins:
  - a) Fjárhagsnefnd
  - b) Íþróttanefnd
  - c) Allsherjar- og laganefnd.
8. Ávörp gesta
9. Fjárhagsáætlun lögð fram
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda
11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur
13. Kosningar
  - a) Formaður HSH
  - b) Aðrir í stjórn og varastjórn
  - c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara
  - d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglum
  - e) Uppstillingarnefnd, 3 af formönnum aðildarfélaga HSH sem starfa fram að næsta héraðsþingi
  - f) Kosning á Íþróttaping ÍSÍ
14. Önnur mál

### Þingslit.

## Fundir, þing og námskeið

### Samráðsfundur UMFÍ

Þann 8 maí var samráðsfundur UMFÍ haldinn í Borgarnesi. Fulltrúi HSH á fundinum var Hermundur Pálsson, varaForm.. Einnig sat Garðar Svansson fundinn sem stjórnarmaður UMFÍ. UMFÍ var með góða kynningu á sínu starfi og sínum starfsmönnum. Einnig var landsmótssvæði ULM kynnt. Aðildarfélög greindu frá því helsta í sínu starfi. Að fundi loknum bauð UMFÍ til kvöldverðar.

### Sambandsráðsfundur UMFÍ

16 og 17 okt. Var Sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn á Egilsstöðum. Hermundur Pálsson var fulltrúi HSH á fundinum og Garðar Svansson sat fundinn einnig sem stjórnarmaður UMFÍ. Dagskrá hófst á föstudegi með fyrirlestri um verkefnið Hjálpum þeim. Á laugardag var svo Sambandsráðsfundur settur með ávarp formanns. Lagðir voru fram reikningar og skýrsla stjórnar. Nokkur umræða var um reikninga vegna taps UMFÍ á viðskiptum við VBS banka. Einnig var umræða um starf stjórnar og starfsvenjur.

Reikningar voru ekki samþykktir og vísað til Sambandsþings 2011. Nokkrar tillögur voru samþykktar, m.a. um skráningarkerfi ULM og nefnd um starfs og siðareglur stjórnar UMFÍ.

### Formannafundur ÍSÍ

19. nóv. var formannafundur ÍSÍ haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Garðar Svansson form. HSH sótti fundi. Fyrir formannafund hittust fulltrúar Hérðaðssambanda og íþróttabandalaga og ræddu sameiginleg mál. Garðar var með erindi um fjármál og stuðning við íþróttastarf. Við könnun á þeim málum kom í ljós að aukning iðkennda og félagsmanna hefur verið um 8-9 % á síðustu 3 árum en stuðningur opinberra aðila hefur dregist saman um 5-10% á sama tíma.

Formannafundur var með hefðbundum hætti, þar sem farið var yfir rekstur og tölfræðilegar upplýsingar ÍSÍ á síðastliðnu ári.



## Fréttapunktur frá ÍSÍ

### Íþróttapeningur ÍSÍ 2011

70. Íþróttapeningur ÍSÍ verður haldið að Gullhömrum í Grafarholti, dagana 8. og 9. apríl næstkomandi.

### 100 ára afmæli ÍSÍ árið 2012

Árið 2012 verða liðin 100 ár frá stofnun Íþróttasambands Íslands en sambandið var stofnað þann 28. janúar 1912 í tengslum við þátttöku í Ólympíuleikunum í Stokkhólm. Unnið er að Afmælisriti ÍSÍ sem gefið verður út í tengslum við afmælið en einnig er að störfum Afmælisnefnd ÍSÍ sem undirbýr fjölbreytta dagskrá viðburða.

### Ferðasjóður íþróttafélaga

Í byrjun febrúar 2011 verður úthlutað úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða sem farnar voru á fyrirfram skilgreind mót á árinu 2010.

Ferðasjóði íþróttafélaga er úthlutað 54 m.kr. á fjárlögum 2011 en framlag til sjóðsins var skert um 3 m.kr., líkt og síðasta ár.

Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

### Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar Getspár og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemi ÍSÍ.

### Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ. Markmiðið með samningnum er að aðstoða sérsambönd ÍSÍ til að efla og útbreiða viðkomandi íþróttagreinir á Íslandi og koma fram erlendis fyrir þeirra hönd.

Upphæð styrksins var 40 milljónir á árinu 2007, 60 milljónir á árinu 2008 og 70 milljónir árið 2009. Framlag ríkisins til sérsambanda ÍSÍ fyrir árið 2010 var 63,7 og framlag til sérsambanda fyrir árið 2011 er á Fjárlögum Alþingis 61,8 m.kr.

### Heimasíða ÍSÍ

Á heimasíðu ÍSÍ, [www.isi.is](http://www.isi.is), er að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttar og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. Sambandsaðilar eru hvattir til að heimsækja síðuna og kynna sér það sem þar er í boði.

### ÍSÍ-fréttir

Í janúar 2011 hóf ÍSÍ rafræna útgáfu á fréttabréfinu ÍSÍ-fréttum, sem kom út reglulega í pappírsmáli hér áður fyrir. Stefnt er að mánaðarlegri útgáfu.

### Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ heldur vel utan um tölvfræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórntæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir. Nýlega voru kynntar hagnýtar nýjungar í Felix, sem sambandsaðilar eru hvattir til að kynna sér betur á [www.felix.is](http://www.felix.is).

### Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar á landsvísi. Á síðustu haustönn var 2. stig einnig keyrt í fjarnámi og tókst vel til, en tæplega 40 nemendur útskrifuðust af námskeiðinu.

Verið er að vinna að gerð námsefnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

### Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru ríflega 100 talsins. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Sú breyting hefur verið gerð að nú geta öll félög orðið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ að uppfylltum kröfum ÍSÍ, óháð því hvort þau hafi barna- og unglingastarf á stefnuskrá sinni.

### Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

### Nýtt fræðsluefni ÍSÍ

Tveir nýir fræðslubæklingar voru gefnir út á rafrænu formi á haustmánuðum 2010.

„Íþróttir – félagslega hliðin“ fjallar um hina mikilvægu félagslegu hlið íþróttastarfsins.

„Íþróttir – foreldrar og börn“ fjallar um mikilvægi foreldra/forráðamanna vegna þátttöku barna í íþróttum.

Að auki var „Viðbragðsáætlun ÍSÍ við óvæntum atburðum“ unnin upp úr viðbragðsáætlun ÍTR með góðfúslegu leyfi þeirra og heimfærð á íþróttahreyfinguna. Einnig var sett saman leiðbeinandi efni fyrir leiðtoga í íþróttahreyfingunni sem ber heitið „Áttavitinn“.

Allt ofangreint fræðsluefni er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

### Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á

vegum íþrótta- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

### Ólympísk verkefni

Á árinu 2011 sendir ÍSÍ þátttakendur í þrjú ólympísk verkefni; Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon og Smáþjóðaleikana sem að þessu sinni verða haldnir í smárikinu Liechtenstein.

Rúmt ár er í Ólympíuleikana í London og er undirbúningur þegar hafinn. ÍSÍ stefnir að metnaðarfullri þátttöku í leikunum.

### Ólympíudagurinn 2010

Íþrótta- og Ólympíusambandið ásamt Ólympíufjölskyldu ÍSÍ héldu upp á alþjóðlega Ólympíudaginn þann 23. júní 2010 með því að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir unga sem aldna, í samvinnu við íþróttafélög í borginni.

Um 2000 þúsund manns tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá. Hægt var að reyna sig í ýmsum íþróttaþrautum víðs vegar um Reykjavík, svo sem hafnabolta, skýlmingum, júdó, hjólaskíðum, sundknattleik o.fl. Dagskránni lauk með Miðnæturlaupinu þar sem um 1400 manns tóku þátt.

### Úthlutun styrkja

Á árinu 2010 úthlutaði Afrekssjóður 50 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úthlutaði 12 m.kr.

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

### Almenningsíþróttir

Gríðarleg þátttökuaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið–landskeppni í hreyfingu“, erhvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði. Í ár stendur það átak yfir 2.-22. febrúar.

„Hjólað í vinnuna“ stendur yfir í þrjár vikur, tímabilið 4.-24. maí nk.

Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fer fram óvenju snemma í ár eða 4. júní.

### Lyfjamál

150 sýni voru tekin á árinu 2010, þar af 93 sýni eða 62% í keppni. Lyfjapróf voru tekin í 20 íþróttagreinum. Eitt sýni reyndist jákvætt á árinu. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreytilegri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, [www.lyfjaeftirlit.is](http://www.lyfjaeftirlit.is).

### Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2010 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á [www.felix.is](http://www.felix.is).

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

### UMFÍ fréttir

#### Þjónustumiðstöð UMFÍ

Ungmennafélag Íslands flutti í nýjar höfuðstöðvar hreyfingarinnar í Sigtún 42 í febrúar 2010. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmiss þjónusta við aðildarfélögin og félagsmenn. Þar er einnig aðstaða til fundahalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda o.fl.

Ungmennafélag Íslands rekur þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Skrifstofa Evrópu unga fólksins er með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ Sigtúni 42.



## Forvarnadagurinn

Forvarnadagurinn var haldinn í fjórða sinn 3. nóvember 2010 í grunnskólum um land allt. Eins og áður er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greining í Háskólanum í Reykjavík, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og með stuðningi frá lyfjafyrirtækinu Actavis.

## Prastaskógur

Prastaskógarnefnd hélt fund seinni partinn í apríl 2010 þar sem m.a. var rætt um hlutverk skógarins. Nefndin var sammála um að nýta ætti skóginn frekar sem útivistarsvæði en tjaldstæði.

## Skinfaxi

Eins og undanfarin ár verða tölublöðin fjögur á þessu ári. Blaðið fór í góða dreifingu á síðasta ári en allir grunn- og framhaldsskólar landsins fengu blaðið. Stærsta blaðið 2010 var að mestu helgað 13. Unglingalandsmóti UMFÍ sem fram fór í Borgarnesi.

Ný og uppfærð heimasíða var tekin í notkun í byrjun árs 2010. Heimsóknum hefur fjölgað jafnt og þétt.

## Ungt fólk og lýðræði

Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin í annað sinn á Laugum í Dalasýslu dagana 7.-9. apríl 2010. Um 50 þátttakendur voru á ráðstefnunni.

## 37. sambandsráðsfundur UMFÍ á Egilsstöðum

37. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Egilsstöðum 16. október 2010. Á fundinum var lögð fram vegleg ársskýrsla þar sem gat að líta yfirlit yfir hið fjölbreytta starf sem unnið er innan hreyfingarinnar. Þó nokkrar umræður urðu um reikninga UMFÍ. Um 40 fulltrúar héraðssambanda sóttu fundinn.

## Hvatningarverðlaun UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ 2010 voru afhent á 37. Sambandsráðsfundi UMFÍ á Egilsstöðum 16. október. Verðlaunin féllu í skaut Ungmennasambands Eyjarfjarðar, UMSE, fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótt- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni.

## Samráðsfundur í Borgarnesi

Samráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldin í Borgarnesi 8. maí 2010. Fundurinn var vel sóttur en yfir 50 fulltrúar sambandsaðila sátu samráðsfundinn.

## Meistaradeild UMFÍ

Ungmennafélag Íslands og Landssamband hestamanna stóðu saman að meistaradeild UMFÍ í hesta íþróttum annað árið í röð. Þrjú mót voru haldin og fóru þau öll fram í Rangárhöllinni við Hellu.

## Ungmenna- og tómstundabúðirnar á Laugum

Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum eru fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla. Búðirnar hafa verið starfræktar frá árinu 2005. Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt síðan en nokkur breyting varð á 2009 í kjölfar efnahagshrunsins. Nemendum fjölgaði umtalsvert 2010 og skráningar í vetur eru mjög góðar.

## Lýðháskólar

UMFÍ er í samstarfi við sjö íþróttalýðháskóla í Danmörku og styrkir árlega íslenska nemendur til náms í skólunum. UMFÍ styrkti nemendur sem komu víðsvegar af landinu.

## ISCA

Stjórnarfundur ISCA fór fram í Reykjavík 21. ágúst. ISCA eru samtök um almenningisíþróttir og menningu hinna ýmsu landa í heiminum. Þá var aðalfundur ISCA haldinn í Frankfurt 22. október.

## NSU

UMFÍ er aðili að NSU sem stendur fyrir Nordisk samorganisasjon for Ungdomsarbeide. Á aðalfundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn í maí 2010 var Anna Möller endurkjörin Form. samtakanna. Auk hennar eru í stjórn Björg Jakobsdóttir og Jörgen Nilsen fyrir hönd UMFÍ.

Ungmennavika NSU var haldin í Sydslesvig dagana 18.–25. júlí 2010 og þar átti UMFÍ sex fulltrúa ásamt fararstjóra Jörgen Nilsen.

## VNU

VNU stendur fyrir Vest Nordisk Ungdomsforum og er samstarfsvettvangur þriggja samtaka í þremur löndum, UMFÍ á Íslandi, Sorlak á Grænlandi og FUR í Færeyjum.

## 13. Unglingalandsmót UMFÍ

13. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi 29. júlí – 1. ágúst 2010.

Um eitt þúsund og sjö hundruð keppendur mættu til leiks á þetta fjölmennasta mót frá upphafi. Keppt var í tíu íþróttagreinum og þurfti að hefja leik á fimmtudegi. Áætlaður fjöldi gesta var á bilinu tíu til tólf þúsund. Mótahaldið gekk afar vel fyrir sig og veðrið lék við mótsgesti. HSP var útnefnt fyrirmyndarfélagið að þessu sinni.

## Umhverfismál

Ómar Ragnarsson fékk umhverfisverðlaun UMFÍ og Pokasjóðs og voru þau afhent í júlí 2010 við Nauthól í Nauthólsvík.

## Ganga.is

Stöðugt er verið að bæta inn gönguleiðum og fréttum inn á vefsíðuna ganga.is. Í vor var unnið að nýju skráningarkerfi fyrir verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga! Á vefsíðunni geta einstaklingar, fyrirtæki og hópar skráð inn þá hreyfingu sem þeir hafa stundað og þannig haldið utan um hreyfingunasína í sérstöku hreyfingardagatali.

## Göngubók

Í byrjun sumars kom út bókin Göngum um Ísland. Bókin er 128 blaðsíður með 278 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið og 24 fjöllum sem eru í boði í verkefninu Fjölskyldan á fjallið.

## Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem unnið er með sambandsaðilum UMFÍ. Sambandsaðilarnir tilnefna eitt fjall eða fleiri á sínu svæði sem auðvelt er fyrir alla

fjölskylduna að ganga á. Upp á öllum fjöllum er að finna gestabók í merktum póstkassa.

### **Hættu að hanga! Komdu að, hjóla synda eða ganga!**

Verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga! hófst með fjölskyldudegi UMFÍ þann 5. júní 2010 að Miðfelli í Hrunamannahreppi. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að stund heilbrigða hreyfingu sem og að ýta undir auknar samverustundir fjölskyldunnar.

### **Helgi á göngu**

Helgi á göngu er verkefni til minningar um gönguforkólfinn og ungmennafélagann Helga Magnús Arngrímsson.

### **Grunnskólaganga UMFÍ**

Grunnskólaganga UMFÍ var hluti af verkefni Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga. Markmið göngudagsins er að vekja grunnskólabörn til umhugsunar um mikilvægi hreyfingar og gera þau meðvitaðri um þær gönguleiðir sem eru í nágrenni skólans og í sveitarfélaginu.

### **Frjálsíþróttaskóli UMFÍ**

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn í þriðja sinn í sumar og var fyrirkomulag skólans með sama sniði og verið hefur síðustu ár. Í sumar var skólinn haldinn á fimm stöðum á landinu í umsjá HSP á Laugum í Reykjadal, UMSB í Borgarnesi, UÍA Egilsstöðum, HSK á Laugarvatni, UMSS á Sauðárkróki.

### **FÁÍA**

Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra hefur staðið fyrir fjölda námskeiða og móta fyrir eldri ungmennafélaga. Komið hefur verið upp góðri aðstöðu fyrir starfsemi þeirra í nýjum höfuðstöðvum UMFÍ og er hún til mikils sóma.

### **Ungmennaráð**

Starfið hefur verið öflugt hjá ungmennaráði UMFÍ undanfarið. Haft var samband við forvarnarráð framhaldsskólanna og aðra tengiliði og héldum vímulausa helgi fyrir fólk á framhaldsskóla aldri þar sem að allir gátu komið og haft það gott saman. Einnig átti ungmennaráðið virkan þátt í skipulagningu ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Laugum á Sælingsdal.

### **Leiðtogaskólinn**

Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið hreyfingarinnar. Lögð er áhersla á að hafa í boði námskeið sem gagnast félagsmönnum. Megináhersla hefur verið lögð á námskeiðið Sýndu hvað í þér býr.

Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, fundarsköpum. Almenn ánægja er með námskeiðin og þykja þau bæði lærdómsrík og skemmtileg.



# Arion banki

## Aðildarfélag og formenn félaga

|                          |                           |                                  |                                 |
|--------------------------|---------------------------|----------------------------------|---------------------------------|
| Umf. Snæfell             | stofnd. 23. október 1938  | Form. Hjörleifur K. Hjörleifsson | Ásklif 11, 340 Stykkishólmi     |
| Mótorkrossfélag GRF      | stofnd. 2005              | Form. Magnús Jóseppson           | Grundargötu 17, Grundarfirði    |
| Umf. Víkingur            | stofnd. 1928              | Form. Einar Magnús Gunnlaugsson  | Engihlíð 2, 355 Ólafsvík        |
| Umf. Staðasveitar        | stofnd. 11. janúar 1912   | Form. Kristján Þórðarson         | Ölkeldu, 356 Snæfellsbæ         |
| Umf. Reynir              | stofnd. 16. júlí 1934     | Form. Þóra Olsen                 | Munaðarhól 6, 360 Hellissandi   |
| Umf. Grundarfj.          | stofnd. 10. júlí 1933     | Form. Tómas Freyr Kristjánsson   | Grundargötu 68, 350 Grundarf.   |
| Umf. Eldborg             | stofnd. 8. ágúst 1915     | Form. Kristján Á. Magnússon      | Snorrastöðum, 311 Borgarnes     |
| Mótorkrossfélag Snæ      |                           | Form. Rúnar Már Jóhannsson       | Brautarholti 15. 355 Ólafsvík   |
| Skotfélag Grundarf.      | stofnd. 10. október 1987  | Form. Freyr Jónsson              | Breiðuvík 17, 112 Reykjavík     |
| Íþróttafél. Miklaholtsh. | stofnd. 31. janúar 1937   | Form. Harpa Jónsdóttir           | Hjarðarfell, 311 Borgarnes      |
| Hest.ma.f. Snæfellingur  | stofnd. 3. desember 1963  | Form. Gunnar Sturluson           | Sigluvogi 9, 104 Reykjavík      |
| Golfklúbbur Staðasv.     | stofnd. ágúst 1998        | Form. Haukur Þórðarson           | Votalæk, 356 Snæfellsbæ         |
| Golfklúbburinn Vestarr   | Stofnd. 27. júlí 1995     | Form. Pétur Vilbergur Georgsson  | Eyrarvegi 17, 350 Grundarf.     |
| Golfklúbburinn Mostri    | stofnd. 13. nóvember 1984 | Form. Högni Högnason             | Silfurgötu 37, 340 Stykkishólmi |
| Golfklúbburinn Jökull    | stofnd. 21. júlí 1973     | Form. Örvar Ólafsson             | Stekkjarholt 8, 355 Ólafsvík    |

## Lottó/ úthlutunarreglur HSH

- 42% til HSH
- 58 % til félaganna, sem skiptist á eftirfarandi hátt:
  - 5% jafnt milli félaga.
  - 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.  
Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
    - Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum.
    - Skilar fullnægjandi skýrslum.
    - Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi.
    - Stendur fyrir virku félags-og íþróttastarfi.
  - 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.  
Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mættra fulltrúa hvers félags.
  - 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1. desember næstliðins árs. Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.
  - 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

## Stærð félaga og tekjur af lottói

| Félög              | Félagar      | jan-feb       | mar-apr       | maí-júní      | júl-ág        | sept-okt      | nóv-des       | Samtals          | skinfaxi     | Skattur       | Verðlaun | þáttgj. 2009 | Útborgað         | félagar 16+ |
|--------------------|--------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|------------------|--------------|---------------|----------|--------------|------------------|-------------|
| Eldborg            | 77           | 9122          | 10807         | 7086          | 8953          | 7271          | 10259         | 53.497           | 1990         | 11250         |          |              | 40.257           | 75          |
| ÍM                 | 91           | 10325         | 12233         | 8021          | 10134         | 8231          | 11613         | 60.557           | 1990         | 13650         |          |              | 44.917           | 91          |
| Umf. Staðarsv.     | 109          | 11601         | 13745         | 9012          | 11386         | 9248          | 13047         | 68.039           | 1990         | 13950         |          |              | 52.099           | 93          |
| G. Staðarsv.       | 40           | 7622          | 9030          | 5921          | 7481          | 6076          | 8572          | 44.702           | 1990         | 5850          |          |              | 36.862           | 39          |
| Skotgrund          | 36           | 6991          | 7439          | 4878          | 6162          | 5005          | 7062          | 37.537           | 1990         | 5400          |          |              | 30.147           | 36          |
| Reynir             | 146          | 25162         | 26388         | 17302         | 21860         | 17755         | 25050         | 133.517          | 1990         | 13350         |          |              | 118.177          | 89          |
| Víkingur           | 742          | 62389         | 73916         | 48465         | 61233         | 49734         | 70166         | 365.902          | 1990         | 83700         |          |              | 280.212          | 558         |
| UMFG               | 653          | 60178         | 71297         | 46748         | 59063         | 47972         | 67680         | 352.940          | 1990         | 80100         |          |              | 270.850          | 534         |
| Snæfell            | 594          | 67287         | 79720         | 52270         | 66041         | 53640         | 75676         | 394.634          | 1990         | 65400         |          |              | 327.244          | 436         |
| Golfkl. Jökull     | 48           | 8884          | 10525         | 6901          | 8719          | 7082          | 9991          | 52.103           | 1990         | 7050          |          |              | 43.063           | 47          |
| Golfkl. Vestarr    | 73           | 15289         | 18114         | 11877         | 15006         | 12188         | 17195         | 89.667           | 1990         | 10200         |          |              | 77.477           | 68          |
| Golfkl. Mostri     | 149          | 25635         | 30371         | 19914         | 25160         | 20435         | 28831         | 150.346          | 1990         | 19350         |          |              | 129.006          | 129         |
| Íþrd. Snæfellingss | 172          | 30904         | 36614         | 24007         | 30331         | 24636         | 34756         | 181.247          | 1990         | 21900         |          |              | 157.357          | 146         |
| Mótork.Gr          | 26           | 7055          | 8358          | 5480          | 6924          | 5624          | 7934          | 41.377           | 1990         | 3900          |          |              | 35.487           | 26          |
| Mótork.Snb         | 30           | 6045          | 7162          | 4696          | 5933          | 4819          | 6798          | 35.452           | 1990         | 4500          |          |              | 28.962           | 30          |
| Landsmótssjóður    |              | 39388         | 46665         | 30597         | 38658         | 31399         | 44298         |                  |              |               |          |              | 231.004          |             |
| <b>SAMTALS:</b>    | <b>2.986</b> | <b>393876</b> | <b>462384</b> | <b>303173</b> | <b>383044</b> | <b>311116</b> | <b>438928</b> | <b>2.061.516</b> | <b>29850</b> | <b>359550</b> | <b>0</b> | <b>0</b>     | <b>1.672.116</b> | <b>2397</b> |

## 1. KAFLI

### TILGANGUR, MARKMIÐ OG HLUTVERK

#### 1. GREIN

Sambandið heitir Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skammstafað HSH. Heimili þess og varnarþing er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

#### 2. GREIN

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu er samtök ungmenna- og íþróttafélaga, og annarra slíkra félaga, sem vinna að sömu markmiðum á starfssvæði héraðsnefndar Snæfellinga. Tilgangur HSH er að hafa forystu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfélaganna, efla samvinnu þeirra, svo og að vera fulltrúi þeirra jafnt utan héraðs sem innan.

#### 3. GREIN

Markmið HSH er að sameina íbúa héraðsins um að efla og vernda sjálfstæði Íslendinga. Markmiði sínu hyggst sambandið ná með eftirfarandi stefnuskrá:

- Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
- Að vinna að bindindi og útrýmingu skaðnautna.
- Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
- Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
- Að efla með fólki trygð og rækt við heimili, átt Haga og ættjörð.
- Að efla íþróttir og viðhalda þeim meðal félaga innan

sambandsins, með því að styrkja íþróttanámskeið og halda íþróttamót, þar sem fari fram íþróttakeppni og íþróttasýningar, svo oft sem héraðsþing og stjórn telur nauðsynlegt og framkvæmanlegt.

- Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.
- Að vinna að kynningu æskunnar á sambandssvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.
- Að vinna að jafnrétti allra manna.
- Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

#### 4. GREIN

Hlutverk héraðssambandsins er:

- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð er stofnuð er fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- Að staðfesta lög aðildarféлага.
- Að fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.



## **2. KAFLI**

### **RÉTTINDI OG SKYLDUR**

### **AÐILDARFÉLAGANNA**

#### **5. GREIN**

Öll félög, sem vinna að sömu markmiðum og HSH og hafa aðsetur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hafa réttindi til að gerast aðilar að sambandinu, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem sett eru á hverjum tíma

#### **6. GREIN**

Skilyrði fyrir inngöngu í héraðssambandið er:

- Félagið vinni að sömu markmiðum og HSH.
- Að félagið sendi lög sín, skýrslur um stofndag, félagafjölda og stjórn félagsins til stjórnar HSH og að lögin séu í samræmi við lög og reglur HSH, ÍSÍ og UMFÍ
- Þegar félag hefur uppfyllt öll ákvæði og skyldur, nýtur það þegar keppnisréttar á mótum HSH, en annarra réttinda nýtur félagið ekki fyrr en sex mánuðum eftir að héraðsþing HSH hefur samþykkt inngöngu þess í sambandið.

#### **7. GREIN**

Öllum sambandsfélögum er skylt að halda skrá yfir félaga sína. Í skránni skal standa nafn, kennitala og hvenær viðkomandi gekk í félagið. Sambandsfélögin skulu senda HSH afrit og breytingar á skránni með starfsskýrslum.

#### **8. GREIN**

Héraðsþing HSH ákveður skattgreiðslur félaga. Skatt þurfa félög að inna af hendi til HSH fyrir árslok ár hvert og miðast skattgreiðslur við tölu skattskyldra félaga, 16 ára og eldri, eins og þeir voru í skýrslu síðastliðins árs. Skýrslu- og reikningsár HSH er almanaksárið.

#### **9. GREIN**

Sambandsfélög HSH skulu senda yfirlitsskýrslur yfir störf síðastliðins árs fyrir 15. janúar hvert ár, til birtingar í ársskýrslu HSH. Í þessari yfirlitsskýrslu komi fram það helsta, sem gerðist á árinu innan viðkomandi félags.

#### **10. GREIN**

Félög, sem ekki hafa greitt lögboðin gjöld eða sent ársskýrslur fyrir 15. apríl missa atkvæðisrétt sinn á næsta héraðsþingi HSH. Hafi skýrslur eða gjöld ekki borist næsta ár á eftir, skal héraðsþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr sambandinu og ef ekki, hvort og þá hvernig skuli refsa því.

#### **11. GREIN**

Víkja má félagi úr HSH um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög, reglur eða ákvæði HSH og/eða lög sérsambanda, sem sambandið á aðild að.

#### **12. GREIN**

Félag, sem misst hefur réttindi sín, getur ekki öðlast þau aftur, nema það fullnægi settum refsíákvæðum, eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil.

#### **13. GREIN**

Vilji félag ganga úr sambandinu skal það senda skriflega úrsögn fyrir héraðsþing. Er úrsögn ógild ef síðar kemur. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins. Einnig sé það með öllu skuldlaust við sambandið.

## **3. KAFLI**

### **STJÓRN HSH**

#### **14. GREIN**

HSH er stjórnað af þessum aðilum:

- Héraðsþingi.
- Stjórn.

#### **15. GREIN**

Héraðsþing HSH er fulltrúaþing og hefur hvert félag rétt til að senda:

- 2 fulltrúa fyrir fyrstu 50 félagsmenn
- 3 fulltrúa fyrir hverja 51-150 félagsmenn
- 4 fulltrúa fyrir hverja 151-300 félagsmenn
- 5 fulltrúa fyrir hverja 301- félagsmenn

Aðrir þingfulltrúar skulu skráðir á kjörbréf, sem stjórn HSH leggur til.

#### **16. GREIN**

Héraðsþing HSH skal halda fyrir 15. apríl ár hvert. Til þess skal boða með ábyrgðarbréfi eða í símskeyti með 30 daga fyrirvara. Skriflegt fundarboð, síðara fundarboð skal senda með eigi minna en einnar viku fyrirvara stjórnnum allra sambandsfélaga og sérráða HSH og skal fylgja því dagskrá þingsins svo og framkomnar tillögur um lagabreytingar og önnur mál. Héraðsþing er löglegt sé löglega til þess boðað og helmingur kjörinna fulltrúa mættur.

#### **17. GREIN**

Á héraðsþingi HSH eiga sæti fulltrúar þeir, sem sambandsfélögin hafa kjörið til þingsetu eftir ákvæðum 16. greinar. Heimild til þingsetu með tillögurétti og málfrelsi hafa, auk stjórnar HSH, fulltrúar frá landssamtökum og sérsamböndum, sem HSH á aðild að, svo og fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og sýslu um æskulýðs- og íþróttamál.

#### **18. GREIN**

Tilhögun héraðsþingsins skal vera þessi:

- Þingsetning.
- Tilnefning þingforseta, varaðingforseta og tveggja þingritara.
- Skipun kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar.
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
- Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.
- Kosning nefnda þingsins:
  - Fjárhagsnefnd.
  - Íþróttanefnd.
  - Allsherjar- og laganefnd.
- Ávörp gesta

19. Fjárhagsáætlun lögð fram.
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Nefndarstörf.
12. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
13. Kosningar:
  - a) Formaður HSH
  - b) Aðrir í stjórn og varastjórn.
  - c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
  - d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
  - e) Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi.
  - f) Kosning fulltrúa á Íþróttahótel ÍSÍ
14. Önnur mál.
15. Þingslit.

Öllum meiriháttar málum skal vísað til nefnda. Fjárhagsnefnd skal fjalla um reikninga, reikningsyfirlit og fjárhagsáætlun næsta árs.

## 19. GREIN

Við atkvæðagreiðslu almennra mála á héraðsþingi HSH og í kosningum ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa. Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi.

## 20. GREIN

Aukaþing skal halda ef:

- a) Tilmæli koma frá stjórnnum landssamtaka.
- b) Tilmæli koma frá a.m.k. 2/5 sambandsfélaganna.

## 21. GREIN

Í stjórn HSH eiga sæti 5 menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, sem kjörnir eru af Héraðsþingi HSH. Kosinn skal formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til 2 ára. Formenn aðildarfélga HSH

skipti með sér setu í varastjórn, 4 formenn eitt ár í senn.

## 22. GREIN

Stjórn HSH skal gera ráðum sambandsins erindisbréf að loknu héraðsþingi. Í erindisbréfum ráða skulu koma fram sérstök verkefni viðkomandi ráðs á starfsárinu.

## 23. GREIN

Stjórn HSH skal halda sambandsráðsfund með formönnum sambandsfélaga og ráða. Að hausti, á haustfundi skal sumarstarfið metið og gerð áætlun um störf vetrarins eftir því sem við verður komið.

## 24. GREIN

Stjórn HSH getur skipað nefndir innan sinna vébanda til þess að sjá um framkvæmd einstakra mála. Einnig getur hún falið félagi ákveðin verkefni, sem því er skylt að leysa af hendi svo vel sem því er unnt. Stjórn HSH skal semja fyrirfram við viðkomandi félag um skiptingu kostnaðar vegna verkefnisins.

## 25. GREIN

Gera skal skýrslur um öll íþróttamót og senda til stjórnar HSH sem skal veita þeim viðtöku og geyma í skjalasafni sínu. Stjórn HSH skal skylt að senda sambandsfélögum sínum afrit af öllum fundum sínum, svo og skýrslur af mótum sambandsfélaganna.

## 26. GREIN

Lögum þessum breytt 23 febrúar 2010 og öðlast þegar gildi



## Sundráð

Starfsemi sundráðs var engin þetta árið, því miður. Hvað verður 2011 verður bara að koma í ljós en vonandi tekst okkur að halda 1 mót. Það er skoðun mín að mótahald á vegum sundráðs þurfi að vera samstarfsverkefni allra félaga sem taka þátt en ekki eins og var hér áður þ.e. í höndum þess félags þar sem sundlaugin er staðsett. Mjög erfitt er oft að fá fólk til starfa og ætti að vera auðveldara ef öll keppnislið útvega starfsfólk. Ég er ekki í nokkrum vafa um að við séum öll sammála þessu.

Á unglingalandsmótinu sem haldið var í Borgarnesi kepptu 2 einstaklingar í sundi og stóðu þær sig vel (Anna Soffía og Hrefna Rós báðar úr Snæfelli).

Ekkert Æskusundmót var haldið í ár þar sem liðin úr Borgarfirði og Sauðárkróki sáu sér ekki fært að taka þátt að þessu sinni.

Við fengum boð um að koma og keppa á Lionsmóti í Borgarnesi í nóvember og fóru 4 krakkar frá Snæfelli. Mótið var haldið í innilauginni og tókst vel.

Fh. Sundráðs  
María Alma Valdimarsdóttir

## Knattspyrnuráð HSH

Í knattspyrnuráði HSH eru:

Baldvin Leifur Ívarsson, Víkingi formaður  
Eygló Bára Jónsdóttir, UMFG  
Friðjón Árni Friðjónsson  
Monika Axelsdóttir Snæfelli  
Elín Guðrún Pálsdóttir Snæfelli

Ekki var mikið starf hjá knattspyrnuráðinu sjálfu en meðlimir þess sitja flestir í stjórn Fótoltasamstarfsins á Snæfellsnesi. Knattspyrnuráði HSH bárust þrjár tilnefningar til kjörs á íþróttamanni HSH og varð Þorsteinn Már Ragnarsson Víkingi fyrir valinu.

Knattspyrnuráðið vill nota þetta tækifæri og óska þeim Þorsteini Má Ragnarssyni, Einari Hjörleifssyni, Brynjari Gauta Guðjónssyni og Heimi Þór Ásgeirssyn til hamingju með að vera valdir í landslið Íslands í Futsal. Brynjar Kristmundsson og Dominik Bajda voru einnig valdir í undirbúningshópinn, Brynjar komst ekki áfram í liðið og Dominik gaf ekki kost á sér. Glæsilegtur árangur hjá okkar drengjum.



## Skotgrund



Aðalfundur félagsins var haldinn þann 14. maí 2010 en fyrr í þeim mánuði var haldinn hreinsunardagur félagsins á félagssvæði þess. Félagið hefur á árinu haldið utan um verklegan þátt skotvopnanámsskeiða á vegum Umhverfisstofnunar. Mikið var skotið á svæðinu á árinu en þó hafa bilanir á haglabyssusvæðinu verið að hrella félagsmenn. Sú nýlunda var síðastliðið sumar að haldið var námskeið í umhirðu skotvopna en þá var Arnfinnur Jónsson fenginn til að kenna mönnum umhirðu og hreinsun skotvopna og þá einkum ríffla.

Skráðir félagar í árslok 2010 voru 50 talsins.

## Golfklúbburinn Vestarr



Árið 2010 var gott að mörgu leiti hjá GVG, mikil fjölgun félaga þar sem við fórum úr því að vera 75 árið 2009 í að vera 115 sumarið 2010.

Mótahald var mikið hjá klúbbnum og mæting heimamanna góð, en ekki var eins mikið um gesti í mótunum okkar eins og undanfarin ár. Hugmyndir eru uppi í klúbbnum um að bæta við bikarkeppni og firmakeppni þannig að enn fleiri mót verði næsta sumar. Unglinga- og nýliðanefnd klúbbsins hélt mótið vanur óvanur í fyrsta sinn, en þar gátu óvanir kylfingar leikið nokkra hringi með vönum kylfingi á einni viku og í lok vikunnar var svo mót þar sem vanir og óvanir léku saman í liði. Þessi tilraun heppnaðist mjög vel og var með í því að fjölga félögum í klúbbnum.

Meistaramótið var að vanda glæsilegt þar sem nærri 40 manns tóku þátt. Klúbbmeistari kvenna varð Hugufrún Elísdóttir, klúbbmeistari karla varð Pétur V. Georgsson, í öðrum flokki karla sigraði Ágúst Jónsson. Í flokki öldunga Sverrir Karlsson og í unglingaflokki Bergur Einar Dagbjartsson.

Þess má geta að vallarmet voru sett í sumar á vellinum okkar, Magnús Lárusson í Arion banka mótinu á gulum teigum, hann lék á 69 höggum og Nína Björk Geirsdóttir á rauðum, hún lék á 76 höggum á Ragnars og Ásgeirsmótinu. Upp úr miðjum september var haldið minningarmót um Kristmund Harðarson, góðan féлага sem féll frá langt um aldur fram.

Mótið var mjög veglegt og einstaklega vel heppnað. Kvennfélagið Gleyf mér ei bauð upp á veitingar sem voru ekki af verri endanum, en uppselt var í mótið.

Ég vil þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn í sumar, styrktaraðilum, sjálfbodaðilum, starfsmönnum og stjórnarmönnum. Svona klúbbur er ekkert annað en fólkið sem er í honum og stærð klúbbsins og geta ræðst af því hversu mikið félagsmenn eru tilbúnir að leggja á sig. Ég er stoltur af því hversu vel hefur verið unnið í þessum klúbbi

reynndar alveg frá upphafi, það er ótrúlegt hversu mikið af góðu fólki hefur lagt á sig mikla vinnu fyrir okkur og vonandi verður framhald á því. Þess má geta að klúbburinn verður gestgjafi í 5. Deild karla í Sveitakeppni GSÍ í sumar, þannig að margt þarf að gera til að tryggja að völlurinn og umhverfi hans verði til fyrirmyndar fyrir það mót, en það verður í ágúst.

Kveðja

Pétur V. Georgsson

Formaður GVG

## Fótboltasamstarfið á Snæfellsnesi

Stjórn samstarfsins

Baldvin Leifur Ívarsson, Víkingi formaður

Eygló Bára Jónsdóttir, UMFG framkvæmdastjóri

Freydís Bjarnadóttir UMFG

Monika Axelsdóttir Snæfelli

Dóra Björk Sigurðardóttir Snæfelli

Árið 2010 hélt samstarf Umf. Víkings, Umf. Reynis, Umf. Grundarfjarðar og Umf. Snæfells í knattspyrnu áfram, en auk þessara félaga hafa bæst við iðkendur frá Ungmennafélagi Staðarsveitar. Samstarfið nær yfir 2.-7. fl. karla og kvenna og ber nafnið Snæfellsnes.

Hvert félag hefur þjálfara að venju og krakkarnir æfa heima en að auki eru samæfingar þar sem allir krakkar úr ákveðnum flokki hittast og æfa saman.

Samstarfi við Knattspyrnudeild Skallagríms var haldið áfram um 3 fl ka. og 3. fl kv. og 2. fl ka bættust við í ár. Keppt var undir merkjum Snæfellsnes/Skallagrímur.

Þjálfarnir skiptu yfirumsjón með flokkunum á milli sín, þannig að aðeins einn þjálfari fylgdi flokknum í leiki.

Ragnheiður Kristjánsdóttir sá um 7. fl kv

Arnar Guðlaugsson sá um 4. - 5. og 6. fl kv

Sigurkarl Gústavsson frá Skallagrími á um 3. fl kv

Andri Freyr Hafsteinsson sá um 7 fl ka

Ejub Purisevic sá um 4. fl ka, 5. fl ka A og B lið, og 6. fl ka og var jafnframt yfirþjálfari samstarfsins Um mitt sumar tóku þeir Brynjar Gauti Guðjónsson og Brynjar Kristmundsson við 5. fl ka A og B liðum.

Suad Begic sá um 3. fl ka

Ívar Örn Reynisson Skallagrími og Suad Begic sáu um 2. fl ka

Starfið var með svipuðum hætti og árið áður þó stöðugt sé reynt að þróa og bæta starfið.

Lið frá Snæfellsnes samstarfinu léku 218 leiki á vegum KSI á árinu 2010. Í þessari tölu eru ekki óopinber mót sem farið var á. Það er því augljóst að þetta er mikil vinna og ómetanlegur partur í því að hlutirnir gangi snuðrulaust fyrir sig, er að tengiliðanetið virki vel. Það gerði það í flestum flokkum og viljum við þakka tengiliðunum okkar sérstaklega vel unnin störf.

### Við fórum á eftirtalin mót árinu:

- Íslandsmótið innanhúss (Futsal): 2. - 5. fl ka og 3. - 4. fl kv

- VISA bikarkeppnina: 3. fl ka og kv
- Faxaflóamótið: 3. - 7. fl ka og kv
- Íslandsmótið í sumar: 4. - 5. fl ka og kv
- Pollamót KSI 6. fl ka
- Hnátumót KSI 6 fl kv
- 2. fl ka fór á Íslandsmótið og bikarinn með sameiginlegu liði Snæfellsness og Skallagríms
- 3. fl ka og kv fór á Íslandsmótið með sameiginlegu liði Snæfellsness og Skallagríms
- Unglingalandsmótið í Borgarnesi: 3. - 5. fl ka og 2. - 5. fl kv alls 7 lið
- Smábæjarleikana á Blönduósi: 4. - 6 fl kv og blandað lið ka og kv í 7 fl
- Hraðmót í Reykjaneshöllinni 4. - 7. fl ka
- Hraðmót í Grindavík 4. - 7. fl kv
- Nikulásarmótið 6. fl ka
- Atlantis mótið í Mosfellsbæ 6. og 7. fl ka og kv

## Árangurinn var eftirfarandi:

### Futsal 2010

- 2. fl ka 2. sæti á mótinu Silfur
- 3. fl ka 4. sæti á mótinu
- 3. fl kv 5. sæti í riðlinum
- 4. fl ka 2. sæti í riðlinum
- 4. fl kv 5. sæti á mótinu
- 5. fl ka 4. sæti í riðlinum

### Faxaflóamótið 2010

- 3. fl ka 5. sæti í C deild
- 3. fl kv 3. sæti í B deild
- 4. fl ka 3. sæti A liða í B deild
- 4. fl kv A lið 4. sæti í B riðli
- 4. fl kv B lið 3. sæti
- 5. fl ka A lið 2. sæti C riðli
- 5. fl ka B lið 3. sæti C riðli
- 5. fl kv A lið 2. sæti C riðli

### Íslandsmótið 2010

- 5. fl ka A lið 6. sæti C riðli
- 5. fl ka B lið 7. sæti C riðli
- 5. fl kv 5. sæti B2 riðli
- 4. fl ka 11 manna 2. sæti C riðli
- 4. fl ka 7 manna 8. sæti A riðli
- 4. fl kv 11 manna 4. sæti B1 riðli
- 4. fl kv 7 manna 2. sæti á Íslandsmótinu Silfur
- 3. fl ka dattu út í fyrstu umferð bikarkeppinnar eftir tap á móti Grindavík
- 3. fl ka 6. sæti í C1 deild
- 3. fl kv dattu út í fyrstu umferð bikarsins eftir tap á móti Fylki
- 3. fl kv 7 manna 4. sæti A riðli

Einnig komu liðin heim með 1 gull og 1 silfur af Unglingalandsmótinu í Borgarnesi og 5 fl kv kom með gull heim af Hraðmótinu í Grindavík.

Sú venja hefur haldist að 4 fl fari á Gothia Cup leikana í Gautaborg í Svíþjóð í júlí.

Þetta árið var það 4. fl ka sem fór og hafði mikið gaman af eins allir sem hafa farið.

Sérstök ferðanefnd var skipuð og sér hún um fjáröflun, skipulagningu og fararstjórn.

Þetta er sannkallað alþjóðlegt stórmót með 35.200 þátttakendur frá 71 landi.

Það voru 45 lið frá Íslandi, þar af 2 frá okkur. Bæði liðin okkar komust í 32 liða úrslit B liða.

Ferðanefndin vill koma þakklaeti til þeirra sem styrktu og aðstoðuðu við ferðina.

Kristinn Magnús Pétursson og Hekla Fönn Dórudóttir Snæfelli, Kristján Arnar Kristófersson og Sigrún Pálsdóttir UMFG, Vignir Snær Stefánsson frá Víkingi, Óttar Ásbjörnsson frá Reyni og Raket Sunna Hjartardóttir Víkingi voru tilnefnd af sínum félögum og fóru í Knattspyrnuskóla KSÍ á Laugarvatni.

Síðast liðið sumar var 3 fl ka fenginn til að leika í stuttmynd sem fólst í því að spila fótbolta við lið söguhetjunnar. Þetta var heilmikil upplifun fyrir þá sem tóku þátt og drengirnir fengu að eiga búningana sem þeim spiluðu í. Þegar þetta var ritað var ekki búið að sýna myndina.

Samstarfið hélt uppskeruhátíð sumarsins í október í íþróttahúsinu í Ólafsvík.

Hver flokkur byrjaði á samæfingu sem endaði á verðlaunaafhendingu og uppgjöri sumarsins og síðan var krökkum boðið upp á grillaðar pylsur.

Við verðlaunaafhendinguna fékk 6. og 7. fl ka og kv þátttökupening.

Hjá 2. - 5. fl ka og kv fengu leikmaður ársins og sá sem sýndi mestar framfarir viðurkenningu:

### 5.fl kv

Leikmaður ársins: Svana Björk Steinarsdóttir  
Mestu framfarirnar: Ásta Kristný Hjaltalín

### 5.fl ka A lið

Leikmaður ársins: Kristófer James Eggertsson  
Mestu framfarirnar: Leó Prastarson

### 5.fl ka B lið

Leikmaður ársins: Brynjar Vilhjálmsson  
Mestu framfarirnar: Arnleifur Hjörleifsson

### 4.fl kv

Leikmaður ársins: Raket Sunna Hjartardóttir  
Mestu framfarir og efnilegir leikmenn: Víktoría Ellenardóttir og Rebekka Rán Karlsdóttir

### 4.fl ka

Leikmaður ársins: Kristinn Magnús Pétursson  
Mestu framfarir og efnilegir leikmenn: Þorgeir Árnason og Sævar Þ. Reynisson

### 3.fl kv

Leikmaður ársins: Björk Lárusdóttir  
Mestu framfarirnar: Svandís Guðmundsdóttir

### 3.fl ka

Leikmaður ársins: Alfreð Már Hjaltalín  
Efnilegastur: Gunnar Bjarki Baldvinsson

### 2.fl ka

Leikmaður ársins: Dominik Badja  
Efnilegastur: Ísak Jakob Hafþórsson

Sem fyrr fer megnið af okkar samskiptum fram í gegnum tölvupóst en einnig voru haldnir nokkir fundir á árinu.

Við teljum okkur hafa fengið staðfestingu á því í ár, að með þessu samstarfi séum við að búa krökkunum á Snæfellsnesi betra umhverfi til knattspyrnuíðkunnar og þar með að stuðla að betri knattspyrnu, en á þessu ári voru 4 krakkar kallaðir á úrtaksæfingar hjá U16, 1 á æfingu hjá U17 og 2 hjá U19 og 1 er fastamaður í U19 liði karla, alls 8 krakkar. Brynjar Gauti Guðjónsson fæddur 1992 var fyrirliði í U19 landsliðinu.

Brynjar Kristmundsson fæddur 1992 var kallaður á úrtaksæfingu hjá U19 landsliðinu.

Jóhanna Steinþóra Gústafsdóttir frá Grundarfirði fædd 1992 sem spilar með úrvaldsdeildarliði FH var kölluð í úrtakshóp U19 kvenna.

Í byrjun árs var Arnar Þór Hafsteinsson fæddur 1995 kallaður á úrtaksæfingu hjá U16 og síðan var hann aftur við æfingar eina helgi í ágúst.

Í nóvember voru Rakel Sunna Hjartardóttir fædd 1996 og Thelma Kristinsdóttir fædd 1996 kallaðar á úrtaksæfingu hjá U16.

Þetta var sérlega ánægjulegt þar sem þetta er í fyrsta skipti sem stelpur skráðar í okkar félög

eru kallaðar til úrtaksæfinga eftir að Knattspyrnusamstarfið tók til starfa en Umf Grundarfjarðar átti stelpur á þessum æfingum fyrir tíma samstarfsins.

Í desember var Kristinn Magnús Pétursson fæddur 1996 kallaður á úrtaksæfingu hjá U16 og einnig var Alfreð Már Hjaltalín fæddur 1994 kallaður á æfingu hjá U17.

Fh knattspyrnuráðs HSH og  
Fótboltasamstarfsins á Snæfellsnesi  
Monika Axelsdóttir

## Umf Víkingur



Ný stjórn tók við á aðalfundi UMFV sem haldinn var í apríl 2010. Í henni eru Einar Gunnlaugsson formaður, Fríða Sveinsdóttir gjaldkeri, Rakel Ósk Gunnarsdóttir og Þórey Úlfarsdóttir.

Starfsemi Víkings var með svipuðu móti og undanfarin ár. Samstarfið

við UMF Reyni um krakkastarfið gengur mjög vel og viljum við öll bæta það enn frekar.

Boðið var upp á fótbolta allt árið og hefur Ejub Purisevic þjálfað strákana. Hver flokkur er með 3 æfingar í viku, nema byrjendaboltinn sem er með 2 æfingar í viku.

Ejub hefur einnig verið með kvennaknattspyrnuna ásamt nokkrum aðstoðarþjálfurum. Stelpunum er skipt í tvo aldursflokka, frá 6 bekk og yngri og svo 7 bekk og uppúr. Mikill áhugi er á fótboltanum eins og undanfarin ár, þar sem fjöldi krakka æfa.

Í fyrsta skipti í nokkur ár þá bjóðum við upp á körfubolta og er gríðarleg aðsókn í hann. Jens Guðmundsson íþróttakennari þjálfar bæði yngri og eldri flokkana og eru tvær æfingar í viku hjá hvorum flokki. Meistarflokkur í

körfubolta var stofnaður á árinu með áhugasömum mönnum hér í bæ og hafa þeir staðið sig bara mjög vel.

Selma Pétursdóttir er þjálfari yngri krakkana í blaki en Lilja Stefánsdóttir hefur þjálfað eldri krakkana. Það voru smá afföll úr blakinu í haust þar sem að margir vildu prófa körfuboltann en nú eftir áramótin 2011 eru þau að skila sér til baka í blakið.

Sundið er alltaf í boði hjá okkur og eru að jafnaði um 20 krakkar sem æfa það. Í haust fengum við nýjan þjálfara sem heitir Sara Sigurðardóttir er hún lærður íþróttakennari og hefur hún vakið góða lukku hjá börnunum og foreldrum. Íþróttastund var í fyrsta skipti í boði hjá okkur og er hún ætluð krökkum í 1-2 bekk. Þetta er stund sem að krakkarnir fá að kynnst hinum ýmsu íþróttagreinum og er mikill áhugi á þessu. Jens Guðmundsson var með íþróttastundina fyrir áramót en Selma Pétursdóttir tók við henni eftir áramót.

Til þess að leyfa krökkunum að kynnst hinum ýmsu íþróttagreinum þá buðum við uppá nokkrar handboltahelgar þar sem krökkunum var skipt í nokkra aldursflokka og var æft á laugardögum og sunnudögum og var þáttakan mjög góð. Ása Gunnur Sigurðardóttir sá um þessar handboltahelgar.

UMFV hefur reynt að fjármagna starf sitt með ýmsum fjáröflunum. Við förum í dósasafnanir á 5-6 vikna fresti og hafa þær gefið vel af sér. Við höfum einnig selt wc pappír og eldhúsrúllur þar sem hvert hús með iðkanda seldi (eða keypti sjálft) t.d. 2 pakkningar af wc pappír og 1 pakkningu af eldhúsrúllum. Þessi fjáröflun gekk rosalega vel. Á sumrin erum við með sjoppu á leikjum meistaflokks Víkings sem gengur mjög vel. Um jólin erum við með jólatréssölu sem er alltaf rosalega gaman og mikil jólastemming.

Æfingargjöldin voru hækkuð í haust en við skiptum tímabilinu í þrennt, þ.e. frá september til desember, janúar til maí og júní til ágúst.

Stjórn UMFV

## Golfklúbbur Staðarsveitar



Starf Golfklúbbs Staðarsveitar árið 2010 var með hefðbundnu sniði. Heldur hefur fækkað í klúbbum en gestum á vellinum fjölgaði verulega síðasta sumar og var árið gott rekstrarlega séð því innkoma af vallargjöldum hefur aldrei verið meiri.

Nokkur mót voru haldin og þeirra stærst varð Tuðdamótið að venju sem haldið var 4. sept. Þar var slegið saman keppni Golfklúbbs Staðarsveitar og Golfklúbbs Guttorms tuðda og boðsmóti fyrir styrkaraðila klúbbsins. Um kvöldið var síðan haldin hátíðarkvöldverður í boði klúbbsins. Á síðustu árum hefur staðið yfir mikið átak til að fjármagna rekstur klúbbsins og hefur verið gerðir samningar við nokkur fyrirtæki sem treysta rekstur hans til frambúðar og í framhaldi af því var ráðist í töluverðar endurbætur á vellinum. Við bankahrúnið fækkaði heldur í hópnum en okkur tókst með ýmsum ráðum að halda okkar tekjum svipuðum og árið á undan. Nú hins vegar aðrir tímar og erfitt ár framundan. Á síðasta ári héldum við áfram

að byggja upp teiga og erum að taka grínin í gegn eitt af öðru. Tveir starfsmenn voru við störf á vellinum allt síðasta sumar. Ennþá er stefnt að því að koma fyrir vökvunarkerfi á flatirnar. Við tókum þátt í héraðsmótinu sem að þessu sinni var haldið á Bárarvellinum í Grundafirði og gekk það mót sæmilega. Golfklúbbur Staðarsveitar stefnir ótrauður fram á veginn og reynir að bæta völlinn sinn eins og kostur er því landið sem hann liggur á er gott sem vallarstæði og reynir að fjölga félögum sínum sem og útbreiðslu golfþróttarinnar.

Haukur Þórðarson formaður

## Hestamannafélagið Snæfellingur



Árið 2010 var markað af hestafleynsinni í hestamennsku á Snæfellsnesi, keppni og önnur félagsstörf voru í lágmarki vegna veikra hrossa og sýkingarhættu.

### Stjórn Snæfellinga

Á síðasta aðalfundi félagsins voru þau Ásdís Ólöf Sigurðardóttir, Kristján Magni Oddsson, (varaformaður), Gunnar Tryggvason, (gjaldkeri), Edda Sóley Kristmannsdóttir, og Gunnar Sturluson, (formaður) kjörin í stjórn og Herborg Sigríður Sigurðardóttir, Gísli Guðmundsson, Lárus Hannesson, Lárus Sverrisson og Illugi Pálsson til vara. Stjórnin hefur haldið reglulega fundi.

### Félagsstarfið

Á árinu voru haldnir aðalfundir í Ólafsvík 24. apríl 2010. Einnig var haldin fjölsótt folaldasýning í samstarfi við hestamiðstöðina í Söðulsholti.

Félagsmótið var að þessu sinni haldið í Stykkishólmi og var heldur smærri í sniðum en oft áður vegna hestapestarinnar. Var af þeim ástæðum ákveðið að halda mótið ekki á Kaldármelum þetta árið. B-flokk gæðinga og tölt sigraði Glóð frá Kýrholti, knapi var Siguroddur Pétursson, en



Verðlaunahafar í B-flokki gæðinga ásamt formanni

eigandi Hrísdalshestar sf. A-flokk gæðinga sigraði Hrókur frá Flugumýri, knapi var Siguroddur Pétursson, en eigandi Hrísdalshestar sf. Hann var einnig valinn glæsilegasti hestur mótsins. Ungmennaflokk vann Rán frá Þorkelshóli 2, knapi þýsk tamningakona í Grundafirði, en eigandi Kolbrún Grétarsdóttir. Unglingaflokk vann Draumur frá Gilsbakka, knapi Hrefna Rós Lárusdóttir og barnaflokk vann Mosi frá Kílhrauni, knapi Guðný Margrét



Efnilegasti knapinn  
Borghildur Gunnarsdóttir



Hjónin á Bergi taka við viðurkenningu  
á uppskeruhátið

Siguroddsdóttir og eigandi Siguroddur Pétursson og Pétur Siguroddsson.

Þá tóku nokkrir félagsmenn þátt í liði Snæfellinga í KB mótariðinni í Borgarnesi og gekk það vel.

Þann 27. nóvember var haldin uppskeruhátið á Vegamótum í Eyja- og Miklaholtshreppi þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir árangur ársins í kynbótastarfi og íþróttakeppni, auk þess sem Þotuskjöldurinn var afhentur.

Hrossaræktunarbúið Berg í Eyrarsveit hlaut verðlaun sem ræktunarbú ársins, Siguroddur Pétursson var valinn hestaíþróttamaður ársins, en hann var einmitt tilnefndur sem slíkur til HSH.

Borghildur Gunnarsdóttir var valin efnilegasti knapinn og Gunnar Kristjánsson hlaut Þotuskjöldinn fyrir ötult starf að málefnum félagsins. Þess má geta að Hrossaræktarbúið Berg var tilnefnt sem

ræktunarbú ársins hjá Bændasamtökum Íslands. Margt var til gamans gert, happdrætti með veglegum vinningum, fjöldasöngur og í lokin kom Lárus Hannesson ásamt gestum og söng. Voru menn sammála um að þetta hafi verið vel heppnuð skemmtun.

Á árinu fengu allir félagsmenn aðgang að World Feng í gegnum samning Landssambands hestamanna og FEIF við Bændasamtökin, annaðist Gísli Guðmundsson í Hömluholti það verkefni með miklum sóma.

Félagið tók þátt í starfi Hrossvest og heldur úti girðingum fyrir stóðhesta í Hólslandi. Var gert áframhaldandi átak í endurbótum girðinga þar. Gísli Guðmundsson hefur haft umsjón með því starfi. Er aðdáunarvert hversu vel starf Hrossvest hefur gengið og hestamenn á Vesturlandi mega vera stoltir af starfinu sem þar fer fram.

Gunnar Sturluson var kjörinn varaformaður Landssambands hestamannafélaga á Landsþingi LH á Akureyri í október.

Nýrri heimasíðu var komið í loftið á árinu [www.snaefellingur.123.is](http://www.snaefellingur.123.is) og hefur Sigríður Sigurðardóttir í Bjarnarhöfn, varamaður í stjórninni veg og vanda af síðunni. Hefur hún einnig unnið ötult starf að útgáfu og dreifingarmálum hjá félaginu.

Sem fyrr þarf að hlúa meira að æskulýðsstarfi og leggja áherslu á að fjölga iðkendum hestamennsku í hópi barna og unglinga. Sérstakt átak þarf að gera til að efla reiðkennslu og nú þegar að reiðhöll er komin í notkun í Grundafirði á vegum félagsins, ætti að gefast færi á því.

## Reiðhallarmál

Á árinu var áfram unnið að því að koma reiðhallarmálum félagsins í höfn. Verið er að afla tilboða og undirbúa hönnunarvinnu á stækkun á reiðhöllinni í Grundarfirði. Búið er að setja henni gjaldskrá vegna notkunar og hafa einnig verið settar umgengisreglur. Verða nánari upplýsingar á heimasíðu Snæfellsings.



Ólafur Tryggvason á Sunnu frá Grundarfirði í KB mótariðinni

## Samstarf og stuðningur

Hestamiðstöðin í Söðulsholti, Einar Ólafsson, hefur stutt við félagið á margvíslegan hátt á árinu, m.a. með því að kosta og standa fyrir folaldasýningu. Eru honum færðar þakkir fyrir sitt framlag. Ýmsir aðrir hafa sömuleiðis lagt hönd á plóg og unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins, auk þess að styrkja það með fjárframlögum, vinnu ráðum og dáð. Eru þeim öllum færðar þakkir.

Virðingarfyllt,  
stjórn Hestamannafélagsins Snæfellsings.

## UMF. Snæfell



Á aðalfundi 25. mars voru eftirtalin kjörin í aðalstjórn Snæfells:  
Hjörleifur K Hjörleifsson formaður  
María A Valdimarsdóttir gjaldkeri  
Elín Guðrún Pálsdóttir meðstjórnandi  
Birta Antonsdóttir ritari.

Haldnir voru 5 stjórnarfundir og 5 framkvæmdastjórnarfundir auk nokkurra funda með deildum félagsins, einnig var fundað með einstaklingum sem láta sig málefni félagsins varða.

Sex deildir störfuðu á vegum félagsins á árinu. Frjálsíþróttadeild, knattspyrnadeild, sunddeild, blakdeild, körfuknattleiksdeild, siglingadeild, auk þess er boðið upp á íþróttir fyrir fatlaða. Ekki tókst að fá neinn til að sjá um íþróttaskóla Snæfells en á haustmánuðum tók foreldrafélag leikskólans við starfsemi íþróttaskólans. Körfuknattleiksdeild og knattspyrnadeild eru fjárhagslega og rekstrarlega tvískiptar, þ.e í meistaraflokka og yngri flokka.

Á aðalfundi Snæfells kom fram tillaga að lagabreytingum á 2 gr d lið og 10 grein, einnig kom tillaga um að setja á stofn aga og siðanefnd. Ekki tókst að klára fram komnar tillögur þar sem ekki náðist sátt um þær allar því var ákveðið að boða til framhalds aðalfundar. Á aðalfundi var aðalstjórn falið að koma með tillögu að siðareglum félagsins einnig

að laga fram komnar tillögur um breytingar á lögum félagsins. Aðalstjórn hófst þegar handa við að afla sér upplýsinga um siðareglur hjá öðrum félögum og með góðfúslegu leyfi frá HK og Gróttu var stuðst við siðareglur sem þessi félög höfðu sett sér. Á framhalds aðalfundi sem haldinn var 25. apríl voru tillögur aðalstjórnar og þeirra sem aðalstjórn kallaði sér til aðstoðar samþykktar einnig var skipað í aga og siðanefnd. Aga og siðareglur Snæfells eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Í félags og fundaraðastöðu Snæfells hefur verið settur upp skjávarpi og einnig hefur verið komið upp gardýnum sem hvort tveggja var gjöf frá Lionsklúbbi Stykkishólms og Lionsklúbbum Hörfu. Aðalstjórn festi kaup á heimabíókerfi einnig er fyrirhugað að kaupa skápa fyrir deildir félagsins. Ekki er hægt að sleppa því að minnst á frábæran árangur körfuknattleiksliða Snæfells þó svo að árangur hafi oft verið góður þá vantaði einn titil í safnið þ.e sjálfan Íslandsmeistaratitilinn það tókst loksins eftir magnaðar rimmur við Grindavík KR og Keflavík. Ekki var árangur kvennaliðs Snæfells síðri en þær komust í sex liða úrslit. Einnig er árangur yngri flokka félagsins í öllum greinum til mikils sóma fyrir iðkendur og félagið.

Að lokum vill aðalstjórn þakka þeim sem styrkja félagið á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá þó þeir sem eru tilbúnir að vinna mikið og fórnúst starf til að félagið geti vaxið og dafnað

F/h aðalstjórnar Snæfells  
Hjörleifur K Hjörleifsson.



## Körfuknattleiksdeild UMF. Snæfells

Árið 2010 var sögulegt í marga staði hjá UMF. Snæfell en í fyrstaskipti í sögunni tryggði félagið sér Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik. Hérna í stuttum annál rennum við yfir starfið í körfuknattleiksdeildinni hjá þeim yngri sem og eldri.

Um áramót 2009/2010 var starfið hjá körfuknattleiksdeildinni í miklum blóma. Yngri flokkar voru áberandi um víðan völl og voru að taka þátt í fyrsta skipti í svokölluðum félagsmótum eins og Nettómótið, Actavismótið og Eymundssonmótið. Annars teldum við fram eftirtöldum flokkum í yngriflokkum KKÍ.

Stúlkur:

Minnibolti – Þjálfari Sveinn Arnar Davíðsson og Rósa Indriðadóttir

8. flokkur stúlkna – Þjálfari Rósa Indriðadóttir  
Stúlknaflokkur – Þjálfari Ingi Þór Steinþórsson

Drengir:

Minnibolti – Jón Ólafur Jónsson og Sveinn Arnar Davíðsson

8. flokkur drengja – Hlynur Bæringsson

11. flokkur drengja – Sveinn Arnar Davíðsson

Drengjaflokkur – Ingi Þór Steinþórsson

Unglingaflokkur karla – Ingi Þór Steinþórsson

Árangur yngriflokka Snæfells var glæsilegur, stúlknaflokkur komust í undanúrslit í bikarkeppni og urðu í öðru sæti á Íslandsmótinu. Drengjaflokkur urðu bikarmeistarar í sameiginlegu liði með Skallagrím og í öðru sæti á Íslandsmótinu.

Yngriflokkar Snæfells voru áberandi og voru sér og sínum til fyrirmyndar í öllum þeim leikjum sem þeir tóku þátt í. Mesta þátttakan var á Nettómótinu þar sem tæplega 1100 keppendur tóku þátt í stórglæsilegu móti. 8. flokkur drengja stóðu sig mjög vel og enduðu í B-riðli eftir að hafa byrjað Íslandsmótið í D-riðli. Aðrir flokkar tóku miklum framförum.

Í fyrsta skipti var boðið uppá morgunæfingar fyrir krakka í 7. bekk og uppúr. Æfingarnar voru þrisvar í viku frá 07:00 – 08:00 undir stjórn Hlyns Bæringssonar.

Einnig var boðið uppá morgunæfingar fyrir meistaraflokkanna undir stjórn Inga Þórs Steinþórssonar í eyðum leikfímistíðum.

Meistaraflokkur kvenna komust í fyrsta skipti í úrslitakeppnina og enduðu Íslandsmótið í 6. sæti. Liðið mætti Keflavík í fyrstu umferð og stóðu sig framar vonum. Stelpurnar töpuðu báðum leikjum en naumlega þó, heimaleiknum eftir framlengingu og útileiknum mjög naumlega.

Meistaraflokkur karla sló öll met einsog áður kemur fram, liðið tryggði sér bikarmeistaratitilinn í febrúar og endaði svo Íslandsmótið í 6. sæti. Í úrslitakeppninni blómstraði liðið og fór erfiðustu leið sem hægt er að fara að Íslandsmeistaratitlinum. Fyrst lögðu þeir Grindavík 2-0 í mögnum leikjum þar sem liðið var 17 stigum undir og 8 mínútur eftir. Liðið sigraði útileikinn 95-97 og síðan heimaleikinn með einum sína besta leik leiktíðarinnar.

Í undanúrslitum mætti liðið KR og varð sú rimma hreint út sagt mögnuð, bæði lið unnu einungis á útivelli og verður það sennilega aldrei leikið eftir í úrslitakeppnum. Snæfell sigraði KR 3-2 og léku gegn Keflavík til úrslita. Í úrslitarímmunni tóku Keflavíkingar forystu en Snæfell sigruðu svo tvo í röð, Keflavík komu í Hólminn og jöfnuðu einvígið og því var oddaleikur í Keflavík. Oddaleikurinn mun aldrei renna Hólmurinum úr minni, það var eitt lið á vellinum og kórónuðu Snæfellingar frábært tímabil með því að tryggja Snæfell fyrsta Íslandsmeistaratitil í sögu félagsins.

Engum blöðum þarf að fletta um framgöngu Hlynur Elías Bæringsson hann var valinn besti leikmaður Iceland Express deildarinnar, besti varnarmaðurinn og var einnig í úrvalslíði deildarinnar ásamt Sigurði Ágúst Þorvaldssyni. Ingi Þór Steinþórsson var valinn þjálfari ársins. Þá var Hlynur Bæringsson einnig tilnefndur í topp 10 hóp afreksmanna í kjör til Íþróttamanns Íþróttafréttaritara, þar lenti Hlynur í 7. sæti og er nokkuð langt síðan að

Íþróttamaður frá HSH hefur náð svo langt á sviði Íþróttar. Til hamingju Hlynur með þinn frábæra árangur.

Í haust tefldu Snæfellingar breyttum liðum í báðum meistaraflokkum, eftir miklar breytingar tryggði meistaraflokkur karla sér Fyrirtækjabikarmeistaratitilinn eftir hörku leik við KR og svo stuttu síðar meistarar meistaranna gegn Grindavík. Það er því mögnuð staða sem Snæfell eru í um áramót en meistaraflokkur karla er handhafi fjögurra af fimm titlum sem í boði eru í meistaraflokki. Stelpurnar eru með gríðarlega ungt og skemmtilegt lið sem hefur fengið góðan stuðning frá Öldu Leif sem hóf að leika á nýjan leik, sem og tveimur öflugum erlendum leikmönnum. Liðið er sem stendur í 5. sæti og er hugur í liðinu að gera betur en á síðasta ári.

Yngriflokkar Snæfells eru í ágætismálum og starfið í fjóru lagi, þjálfarar tímabilsins 2010-2011 eru sem hér segir:

**Drengir:**

Minnibolti 1-3 bekkur: Sveinn Arnar Davíðsson

Minnibolti 10 og 11 ára drengja: Emil Þór Jóhannsson

7. flokkur drengja: Sean Burton

8. flokkur drengja: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

11. flokkur drengja: Sean Burton

Unglingaflokkur karla: Ingi Þór Steinþórsson

**Stúlkur:**

Minnibolti 1-3 bekkur: Erna Rut Kristjánsdóttir

Minnibolti 10-11 ára: Erna Rut Kristjánsdóttir

9. flokkur stúlkna: Sveinn Arnar Davíðsdóttir

Unglingaflokkur kvenna: Ingi Þór Steinþórsson

Unglingaráð og stjórn deildarinnar er vel mönnum af fólki sem félagið er gríðarlega stolt af. Sjálfbodaðliðar í kringum félagið gera það að verkum að starfið getur verið jafn öflugt og raun ber vitni.

Um leið og við þökkum öllum þátttakendum Snæfells fyrir frábært Íþróttarár, viljum við einnig þakka öllum þeim fjölmörgu styrktar – og stuðningsmönnum sem hafa stutt starf okkar, án ykkar væri skýrsla okkar klárlega ekki svona glæsileg.

Bestu kveðjur og ÁFRAM SNÆFELL – ÁFRAM HSH

Gunnar Svanlaugsson,  
formaður kkd. Snæfells / meistaraflokka  
Ingi Þór Steinþórsson,  
yfirþjálfari körfuknattleiksdeilda Snæfells

### Körfuknattleiksdeild Snæfells – yngri flokkar

Foreldraráðið er þannig skipað, Davíð Sveinsson formaður / gjaldkeri, Guðný Pálsdóttir ritari, meðstjórnendur Helga Guðmundsdóttir, Birna Sævarsdóttir og Egill Egilsson sem kom nýr inn í upphafi árs.

Í haust var lagt upp með 11 flokka og þar af 7 sem taka þátt í Íslandsmóti.

1.– 3. bekkur stúlkna

1.– 3. bekkur drengja

Minnibolti stúlkna

Minnibolti drengja

7.flokkur pílta

8. flokkur pílta

9.flokkur stúlkna

Þjálfari: Rósa Kristín Indriðadóttir

Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson

Þjálfari: Rósa Kristín Indriðadóttir

Þjálfari: Emil Þór Jóhannsson

Þjálfari: Sean Burton

Þjálfari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson

|                         |                                  |
|-------------------------|----------------------------------|
| 11. flokkur pilta       | Þjálfari: Sean Burton            |
| Drengjaflokkur          | Þjálfari: Sveinn Arnar Davíðsson |
| Unglingaflokkur stúlkna | Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson  |
| Unglingaflokkur pilta   | Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson  |

Drengjaflokkur og Unglingaflokkur pilta taka þátt í Íslandsmóti ásamt Skallagrím og hafa þeir staðið sig mjög vel.

1.-3. bekkur drengja, stúlkna og mb. Stúlkna, drengja taka ekki þátt í Íslandsmóti en þau fóru á tvö fyrirtækjamót á síðasta ári Nettómótið í Reykjanesbæ í mars og Hópbílamótið í Grafarvoginum í nóvember á þessum mótum eru ekki talin stig heldur meira ætluð til að krakkarnir læri að fara á mót og hin besta skemmtun. Í bikarkeppni hafa tekið þátt Unglingaflokkur pilta, Unglingaflokkur stúlkna, Drengjaflokkur, 11.flokkur kk, 9.flokkur kk, og 9. Flokkur kvk.

Aðrir flokkar taka þátt í Íslandsmótinu í vetur og hafa staðið sig með þrýði, árangur má sjá á heimasíðu Snæfells þar sem hægt er að fylgjast með öllu sem er að gerast yfir veturinn. Þjálfarar og foreldrar hafa skrifað um keppnisferðir í vetur og er spennandi að fylgjast með þeim skrifum.

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Borgarnesi um síðustu verslunarmannahelgi. Undir merkjum HSH kepptu fimm flokkar, einnig kepptu nokkrir einstaklingar með öðrum liðum eins og tíðkast á landsmótum ef ekki næst í lið og verður að segjast að frammistaða okkar fólks var með afbrigðum góð og lönduðu krakkarnir Gulli, Silfri og Bronsi. Yfir heildina litið þá var framkoma og frammistaða krakkana í HSH til sóma.

Á heimasíðu Snæfells má sjá upplýsingar fyrir aðkomulið vegna móta í Stykkishólmi um þjónustu og afþreyingu. Aukin heldur má þar finna upplýsingar um símanúmer þjónustuaðila og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

Ingi Þór Steinþórsson er yfirþjálfari yngriflokka Snæfells og þakkar deildin honum þá ómetanlegu vinnu sem hann hefur lagt af mörkum.

Síðastliðið ár stunduðu um 100 krakkar körfubolta á vegum yngriflokka Snæfells. Foreldrafélagið hefur verið með sölu á hettupeysum, bolum og buxum merktum Snæfell og hefur verið gríðarlega góð sala á þessum fatnaði á alla aldurshópa, mun félagið halda áfram pöntunum á þessum fatnaði.

Fjáraflanir hafa gengið vel en þær helstu eru páska- og jólabingó sem hafa verið mjög vinsæl og nánast uppselt var á bæði bingóin. Færum við þeim fyrirtækjum sem stutt hafa foreldrafélagið með gjöfum á vinningum bestu þakkir. Fjárhagsstaða deildarinnar er góð.

Að lokum vill foreldraráðið þakka þeim sem komu að starfinu gott og óeigingjarnt starf.

Stykkishólmi, 3. febrúar 2011

Fyrir hönd stjórnar foreldraráðs,  
Davíð Sveinsson

## Frjálsar íþróttir Snæfell

Sumarið 2010 voru þjálfara skipti, en Eyrún Guðmundsdóttir fór í barneignarleyfi og tók Elín Ragna Þórðardóttir við starfi hennar. Sumarið var mjög rólegt og voru aðeins um 5 sem æfðu í allt sumar. Hápunktur sumarsins var auðvitað

unglingalandsmótið í Borgarnesi og kepptu 15 í frjálsum frá öllu nesinu. Frjálsarnar fóru í smá frí í ágúst eftir landsmót og byrjuðu þær aftur af krafti í byrjun september.

Æfingar byrjuðu rólega um haustið og fór iðkendum að fjölga. Hópunum er skipt í tvennt, 1-4. bekkur eru 1 sinni í viku og svo 5. bekkur og eldri eru 2 sinnum í viku. Í lok þessa árs voru iðkendur orðnir um 30. Farið var með hóp á Silfurleika ÍR sem haldnir voru í Laugardalshöllinni laugardaginn 20. nóvember og stóðu krakkarnir sig mjög vel. Komið heim með eitt gull og eitt silfur. Árið var síðan endað með stæl þegar Snæfell hélt jólamót í Stykkishólmi 12. desember. Keppt var í 4 greinum, hástökki, langstökki án atrennu, kúluvarpi og 35 m hlaupi. Fengu allir krakkar 10 ára og yngri viðurkenningu fyrir þátttöku og þau eldri kepptu um fyrstu 3 sætin. Eftir jólamótið fór frjálsíþróttadeildin í smá jólafrí og byrjuðu æfingar aftur þegar skólinn hófst á nýju ári.

Þótt sumarið hafi verið fámennt hefur deildin farið ört stækkandi og er gaman að sjá hvað margir hafa bæst í hópinn í vetur, úr 5 í 30.

Fyrir hönd frjálsíþróttadeildar Snæfells

Elín Ragna Þórðardóttir.

## Knattspyrna yngri flokka Snæfells

Stjórn foreldrafélagsins árið 2010 skipuðu:

Monika Axelsdóttir formaður og fulltrúi Snæfells í fótoltasamstarfinu

Dóra Björk Sigurðardóttir fulltrúi Snæfells í fótoltasamstarfinu

Eydís Jónsdóttir gjaldkeri

Steindór Hjaltalín

Guðfinna Rúnarsdóttir og Ásmundur Guðmundsson

Andri Freyr Hafsteinsson þjálfaði alla flokka hjá Snæfelli árið 2010 nema Róbert Stefánsson þjálfaði stelpurnar í 1.-5. bekk til vors en þá tók Andri við þeim líka.

Hann fór á þjálfaranámskeið hjá KSÍ í október og tók 3. stigið.

Árið 2010 hélt samstarf UMF. Snæfells, UMF. Grundarfjarðar og UMF. Víkings/ Reynis áfram. Það samstarf hefur gengið vel og krakkarnir náð góðum árangri.

Í fyrra var í fyrsta skipti samstarf við Knattspyrnudeild Skallagríms um 3. fl ka á Íslandsmótinu og hélt það samstarf áfram hjá 3. fl ka en í ár bættust 3. fl kv og 2. fl ka við. Markmiðið er enn sem fyrr að þróa samstarfið enn frekar og bæta fótoltann á Snæfellsnesi enn meira og svo virðist sem það hafi tekist því krakkarnir voru kallaðir í röðum á úrtaksæfingar hjá U16 og U17 landsliðunum á árinu.

Alfreð Már Hjaltalín fæddur 1994 var kallaður á úrtaksæfingu hjá U17 í desember.

Arnar Þór Hafsteinsson fæddur 1995 var kallaður á úrtaksæfingu hjá U16 í janúar og á helgarmót í ágúst.

Kristinn Magnús Pétursson fæddur 1996 var kallaður á úrtaksæfingu hjá U16 í desember.

Við eigum sem sagt stráka úr þremur árgöngum í röð í landsliðs-úrtakshópum.

Glæsilegt hjá þessum ungu drengjum.

Að venju fór 4 flokkur, karla að þessu sinni, á Gothia Cup

leikana í Gautaborg í Svíþjóð. Eyðís Eypórsdóttir var fulltrúi Snæfells í fjáröflunarnefndinni.

Snæfell tilnefndi Heklu Fönn Dórudóttur og Kristinn Magnús Pétursson sem sína fulltrúa í Knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni.

Í lok ársins var brotið blað í sögu deildarinnar þegar félagið fékk greidda uppeldispeninga í fyrsta skipti í sögunni, þegar Alfreð Már Hjaltalín skrifaði undir samning við Víking Ólafsvík.

Foreldrafélagið sá um að krakkarnir gengu í hús og seldu kerti fyrir páskana og jólin, sem fjáröflun fyrir knattspyrnudeild Snæfells.

Að auki sá foreldrafélagið um að losa "Snæfells- gáminn" fyrir knattspyrnudeildina.

Það starf sem foreldrafélagið hefur með höndum og reynir hvað mest á geðheilsuna er starf dómarastjórans. Hann hefur það hlutverk að sjá um að finna dómara fyrir heimaleiki.

Steinar Björnsson og Páll Margeir Sveinsson hafa bjargað okkur þar, en það getur reynst mjög erfitt að finna línuverði, svo merkilegt sem það nú er.

Einnig þarf dómarastjóri að fylgjast með því að völlurinn sé leikhæfur á réttum tíma en þetta eru hlutir sem er ótrúlega erfitt að fá í lag, þó bæjarstjórnin hafði staðið við loforðið um að hafa starfsmann á knattspyrnuvellinum um sumarið. Og ekki veitti af því að hafa starfsmann, því sumarið var sérstaklega þurr og mátti lengi vel vart milli sjá hvor ætlaði að hafa betur, þurrkurinn eða starfsmaðurinn.

Foreldrafélagið var ekki búið að bíta úr nálinni með ævintýrið frá því 2009, þegar leyfi fékkst fyrir því að fótboltavöllurinn væri notaður sem tjaldsvæði á Dönskum dögum.

Eins og ákveðið var eftir hreinsunina þá, var völlurinn leitaður aftur sl vor, með hinni viðurkenndu leitaradferð, Grid search, en þá gengur hópur fólks öxl í öxl og lúsleitar svæðið, fyrst langsum og síðan þversum. Ólafur Guðmundsson yfirlöggregluþjónn stjórnaði aðgerðum sem fyrr. Sem betur fer fannst ekkert hættulegt og það var því með sæmilegu öryggi sem við leyfðum krökkunum að fara að æfa á vellinum í vor.

Þess er óskandi að allir séu búnir að læra sína lexíu í þessu máli, líka þeir sem gáfu leyfið fyrir þessari notkun á vellinum, þó þeir hafi að mestu sloppið við að hreinsa upp ósómann.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélagsins  
Monika Axelsdóttir

## Blak

Árið 2010 var ágætis blak ár hjá konunum í blakdeildinni. Liðið var skráð í þriðju deildina á Íslandsmeistaramótinu á vor mánuðum og spilaði þökkalega þar. Liðið var þó ekki skráð til áframhaldandi þátttöku í þriðju deild heldur ákveðið að skrá liðið í fjórðu deildina veturinn 2010-11. Tekið var þátt í öldungamóti í Mosfellsbæ í maí 2010 og var það mikið fjör þó árangur liðsins hefði mátt vera betri. Blakdeildin hélt happdrætti í nóvembermánuði sem gekk glimrandi vel og er stefnan sett á að halda því inni sem fastri fjáröflun hjá deildinni.

Þjálfari liðsins er eins og áður Haukur Garðarsson. Skipt

var um stjórn haustið 2010 og er nú Berglind Lilja Þorbergsdóttir formaður, Guðný Pálsdóttir og Elín Ragna Þórðardóttir meðstjórnendur.

Fyrir hönd stjórnar,  
Berglind L. Þorbergsdóttir

## Sunddeild Snæfells

Starfsemi deildarinnar árið 2010 var með svipuðum hætti og 2009, ekki mikið um mót en æfingar stundaðar af kappi. Fjöldinn er svipaður og undanfarin ár eða ca 15 börn og unglingar. Þjálfari deildarinnar er María Valdimarsdóttir. Æft var allt árið (að undanskildu sumarfríi í júlí og ágúst) og eru æfingar einu sinni í viku.

Unglingalandsmót UMFÍ var að þessu sinni haldið í Borgarnesi. Tveir keppendur voru frá sunddeild Snæfells, Hrefna Rós og Anna Soffía. Þær stóðu sig vel en þær kepptu báðar í öðrum íþróttagreinum og hlupu oft á tíðum milli keppnisstaða.



Farið var á Lionsmót UMSB sem haldið var í innlauginni í Borgarnesi 6.-7. nóvember. Mót þetta er haldið fyrir 12 ára og yngri og fá allir þátttakendur verðlaunapening. Engin úrslit eru gefin upp á mótinu sjálfu en þjálfarar fá þau send að móti loknu. Vegna Norðurljósahátíðar var ákveðið að krakkarnir kepptu einungis á sunnudeginum og var því um dagsmót að ræða hjá okkar krökkum. Þeir sem fóru á mótið voru: Valdimar Hannes, Anna Soffía, Tinna Guðrún og Sigurður Guðmundsson.

Fh. sunddeildar  
María Valdimarsdóttir

## Ungmennafélag Grundarfjarðar



Árið 2010 var mjög gott hjá UMFG. Aðalfundur var haldinn á Hótel Framnesi í febrúar, fundurinn var frekar fámennur þrátt fyrir að hafa verið auglýstur bæði í blöðum og vefmiðlum og voru það svolítill vonbrigði. Þar gaf stjórn UMFG áfram kost á sér og situr því sama og

í fyrra. Stjórnin er því þannig skipuð:

Tómas Freyr Kristjánsson Formaður

Unnur Guðbjartsdóttir Gjaldkeri

Lára Magnúsdóttir Ritari

Halldóra Dögg Hjörleifsdóttir

Jófríður Friðgeirsdóttir

Einhverjar breytingar munu verða á stjórninni eftir næsta fund því að Unnur Guðbjartsdóttir og Jófríður Friðgeirsdóttir ætla ekki að gefa kost á sér áfram. Þær hafa þjónað UMFG í fjögur ár og þökkum við þeim kærlega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Við leitum því að nýjum meðstjórnanda og gjaldkera.

Fjárafilanir á árinu gengu ágætlega. Við fengum styrk frá Menntamálaráðuneyti fyrir hópeflis verkefni að upphæð 100.000 kr. Einnig fengum við styrk frá Menntamálaráðuneytinu til uppbyggingar á skíðasvæði UMFG. Jóhann Ingi kom og hélt fyrirlestur um hópefli í íþróttum. Fyrst fyrir börnin, svo fyrir foreldra og að lokum fyrir þjálfara. Þetta var gert í samstarfi við HSH.

Einnig héldum við páskabingó eins og vanalega. Skilti voru sett upp á íþróttavellinum bæði fyrir UMFG og svo fékk Meistaraflokkur karla í knattspyrnu að setja upp nokkur skilti fyrir sína starfsemi.

Svo er það helgin „á Góðri stund í Grundarfirði“. Erum við þá með sjoppu fyrir utan ball á föstudegi og á bryggju á laugardegi og um kvöldið var sjoppan færð fyrir utan Kaffi 59. Einnig er okkur boðið að vera með dyragæslu og bar á balli á föstudagskvöl. Sjoppan gefur vel af sér á þessari helgi og er ein af okkar stærstu tekjulindum. Þökkum öllum þeim sem hjálpuðu við þessa helgi. Gámar við Kaffi 59 og Hótel framnes eru enn inn í fjáröflunum hjá ráðum innan UMFG. Er búið að setja upp plan sem þau fara eftir og losa. Þökkum við þessum veitingastöðum fyrir þeirra framlag.

Einnig fáum við veglegan styrk frá Grundarfjarðarbæ í formi fjárstyrks og tíma í íþróttahúsi.

Landsbankinn sá um verðlaun á uppskeruhátíðinni í september. Svo hafa mjörg fyrirtæki styrkt íþróttalíf hér í Grundarfirði sem beinum styrkjum til ráða innan UMFG, vilum við þakka þeim fyrir þann stuðning. Við höfum reynt að styrkja okkar fólk, eins og þjálfara á námsekið. Við reynum að styðja við bakið á þeim sem komast í landslið og fl.

UMFG hefur veitt styrki til barna sem hafa verið valin í landslið í sinni íþróttagrein og voru það 3 drengir sem fóru frá okkur á síðasta ári. Einnig styrktum við 4 flokks drengi sem fóru til Svíþjóðar til að taka þátt í Gothia Cup. Einnig styrktum við Rúnar Geirmundsson til keppni á Evrópumeistaramóti í kraftlyftingum sem hann sigraði.

UMFG hefur líka greitt fyrir þjálfaramenntun knattspyrnuþjálfara sem þjálfá fyrir félagið.

Ákveðið var að hækka ekki iðkendagjöldin hjá UMFG þetta árið. Ungmennafélagið stendur mjög vel og við höfum ekki hækkað gjöldin í fjögur ár sem telst nokkuð gott.

Þjálfaramál gengu nokkuð vel fyrir sig 2010. Nýr blakþjálfari tók við af Aðalsteini Eymundssyni og var það hann Pétur Vilbergur Georgsson sem tekur við krakkablakinu. Steinar Þór Alfreðsson tók að sér að þjálfá meistaraflokk karla í blaki og svo voru það þær Anna María Reynisdóttir og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem þjálfá meistaraflokk kvenna í blaki. Eitthvað er um að flokkar í fótbolta séu sameinaðir vegna fækkun á börnum sem æfa. Fella þurfti niður 2 fl. Karla þar sem ekki var nóg þátttaka. Arnar Guðlaugsson hætti sem knattspyrnuþjálfari hjá UMFG eftir margra ára starf og þökkum við honum kærlega fyrir samstarfið. Freydís Bjarnadóttir tók við þjálfun allra flokka nema yngstu iðkendanna en Ragnheiður Kristjánsdóttir sá um þann flokk. Kristín Halla sér um allar frjálsar og sund eins og undan farin ár. Íþróttaskóli er enn á sínum stað. UMFG bætti inn nýrri grein og var það Karate í umsjón Dagnýjar Guðlaugsdóttur og hefur það reynst afskaplega vel og hefur fjöldi iðkenda komið frá Grundarfirði og Snæfellsbæ.

UMFG sendi meistaraflokk í knattspyrnu karla til keppni síðasta sumar í fyrsta skipti í yfir tuttugu ár. Þeir munu halda áfram þátttöku í 3 deildinni næsta sumar.

Mótamál voru hefbundin og undanfarin ár. Í blaki var farið á 2 Íslandsmót og gekk það bara vel. Í frjálsum var farið á meistaramót og landsmót áttum við nokkra fulltrúa sem stóðu sig með prýði. Knattspyrnumótin voru á vegum Snæfellsnessamstarfsins og Meistaraflokkur Karla UMFG tók þátt í Íslandsmóti KSÍ eins og áður kom fram. Í sundi var lítið farið á mót.

Stjórn UMFG



## STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
S: 436 1617 · Fax: 436 1610 · [www.steinprent.is](http://www.steinprent.is)

## Blak

Blakárið í Grundarfirði var mjög hefbundið. Aðalsteinn Eysteinnsson þjálfaði alla flokka og voru um það bil 50 börn sem æfðu blak. Var það nokkur aukning frá árinu áður en Aðalsteinn kom haustið 2009 til Grundarfjarðar til að þjálfa blak bæði fyrir börn, konur og karla. Þetta var mjög skemmtilegur tími þar sem hann var með mjög fjölbreyttar æfingar allan veturinn. Krakkarnir fóru á seinni hluta Íslandsmóts en ekki komust liðin ekki á verðlaunapall þar sem ekki var farið á fyrri hlutann sem haldin var í nóvember 2009 á Neskaupstað. Karlanir tóku þátt í bikarmóti og einnig voru þeir í 2. deild Íslandsmóts. Konurnar voru í 3. deild sem gekk nokkuð vel en ekki náðist sá árangur sem vonast var eftir en þær stefndu á 2. deild. Farið var á öldungamót eins og vani er og fóru 2 kvenna lið og var spilað í 4. deild og 9. deild sem vann sína deild. Karlarnir



fóru með eitt lið og skemmtu allir sér mjög vel. Aðalsteinn flutti frá Grundarfirði um vorið og var farið að leita að nýjum þjálfara sem gekk frekar illa en svo tók Pétur Vilbergur Georgsson að sér að þjálfa krakkana sem hefur gengið mjög vel. Hann hefur farið með þau á Íslandsmót og önnur dagsmót. Anna María Reynisdóttir og Guðrún Jóna Jóspeisdóttir tóku að sér blak kvenna og eru þetta mjög skemmtilegar æfingar þó svo eitthvað hafi fækkað í hópnum. Steinar Þór Alfreðsson hefur verið með blak karla en eitthvað hefur gengið illa að halda úti æfingum. Þess má geta að Ungmennafélag Grundarfjarðar stefnir á að setja upp strandblaksvöll í Grundarfirði sem vonandi mun koma upp í sumar.

Með von um gott blakár

|                 |                             |
|-----------------|-----------------------------|
| Formaður.       | Björk Unnur Guðbjartsdóttir |
| Meðstjórnendur: | Steinar Þór Alfreðsson      |
|                 | Guðrún Jóna Jóspeisdóttir   |

## Frjálsíþróttadeild UMFG.

Starfsemi frjálsíþróttadeildar UMFG hefur verið með hefbundnu sniði og undanfarin ár. Æfingar hafa verið tvisvar sinnum í viku fyrir hvern aldurshóp, bæði sumar og vetur. Sú nýbreytni var reynd yfir sumartímann að hver hópur fór fyrst á æfingu í frjálsum og síðan beint á sundæfingu, en þetta mæltist mjög vel fyrir hjá iðkendum og foreldrum. Einungis þurfti að muna tvær tímasetningar á viku í staðin fyrir fjórar.

Ekki var mikið um mótahald þetta árið en farið var á Reykjavíkurlaikana í byrjun árs en síðan hitti svo illa á að skátaferðalag var sömu helgi og MÍ 11 – 14 ára var haldið. Nokkrir krakkar tóku þátt í Unglingalandsmóti í Borgarnesi og stóðu sig með ágætum þar. Síðan voru haldin Steinþórsmót bæði fyrir 14 ára og yngri og 15 ára og eldri, bæði mótin voru fámenn en þátttakendur stóðu sig vel í öllum greinum. Í nóvember var farið á Silfurmót ÍR og þar kepptu nokkrir í þrautabraut sem er fyrir 10 ára og yngri. Mesta spennan var fyrir því að fá að keppa inn í Laugardalshöllinni sjálfri þar sem landsliðin okkar hafa verið að keppa. Síðan að fá tækifæri til að skoða Frjálsíþróttaaðstöðuna og sjá alvöru aðstöðu, eins og einn þátttakandinn sagði „vá, stökkva þau í sand inni í húsinu?“. Þetta lýsir því ágætlega hversu höllum fæti félög af landsbyggðinni standa gagnvart Reykjavíkurfélögunum.

## Karatedeild UMFG

Karatedeild UMFG var stofnuð 1. september 2010 af Dagný Ósk Guðlaugsdóttir sem kemur úr Karatedeild Hauka í Hafnarfirði og er hún formaður deildarinnar og sér einnig um alla þjálfun.

Kennt er fjóra tíma á viku í tveimur hópum, 1.-5. bekkur saman og 6.-10. bekkur saman. Gríðamikil aðsókn var í þessa nýju íþrótt hér á svæðinu og til að byrja með voru hátt í 30 börn að æfa í hverjum hópi fyrir sig. Þess má líka geta að krakkarnir komu víða að meðal annars frá Ólafsvík, Hellissandi og Staðarsveit en flestir komu þó frá Grundarfirði. Karate er japönsk íþrótt. Kennt er Shotokan Karate en sá stíll skiptist í þrennt, Kihon-undirstöðuæfingar, Kata-röð undirstöðu, millistigs og þróaðra tækna sem raðað er í fyrirfram ákveðin form svipað og dans og svo Kumite-bardagi.

Krakkarnir hafa tekið miklum framförum á undanförunum mánuðum en í desember hélt deildin sýningu fyrir foreldra og ættingja nemendanna sem tókst mjög vel til. Krakkarnir lögðu allt sitt til að gera sýninguna bæði kraftmikla og áhrifamikla með öskrum og öllu tilheyrandi.

Stefnt er að því að fá þjálfara að sunnan til að koma og vera gestaþjálfari hjá okkur í a.m.k. eitt skipti í vetur. Í vor mun svo yfirþjálfari Karatedeildar Hauka, Gunnlaugur Sigurðsson, koma og vera með æfingabúðir sem enda með Gráðun en það er svokallað próf sem krakkarnir fara í gegnum til að fá nýtt belti.

Framtíðin er björt í Karate og vonandi er þetta íþrótt sem er komin til að vera í Grundarfirði.

## Meistaraflokkur Grundarfjarðar

Haustið 2009 var ákveðið að endurvekja meistaraflokk Grundarfjarðar í knattspyrnu á nýjan leik. Allt fór á fullt í undirbúning og liðið tók þátt í Íslandsmóti KSÍ sumarið 2010. Þá voru liðin yfir tuttugu ár síðan Grundfirðingar sendu lið til leiks í mótið síðast. Árangur var svona upp og ofan og var afraksturinn 5 stig efir sumarið. Einn sigur á móti Augnablik hérna á heimavelli, jafntefli á móti Ými í Fagralundi og 4-4 jafntefli við Létti hérna heima á bæjarhátíðinni Góðri Stund í stórbrotnum knattspyrnuleik. Einnig var tekið þátt í Visa bikar KSÍ og datt liðið út í fyrstu umferð gegn sterku liði Aftureldingar 0-3.

Þegar lagt var af stað í þetta verkefni var talað um það frá



fyrsta degi að það yrði ekki farið inná fjáröflunaleiðir annar deilda og flokka. Reynt var eftir fremsta megni að sækja styrki annarsstaðar frá og fengum við til að mynda góðan stuðning frá Atlantic Fresh sem er staðsett í Bretlandi. En eins og flestir vita þá er dýrt að reka meistaraflokk og það kom góður stuðningur frá fyrirtækjum hérna á svæðinu og þökkum við þeim kærlega fyrir það. Einnig hélt meistaraflokkurinn úti spurningakeppni til styrktar flokknum aðra hverja viku allan síðasta vetur. Ásóknin var framar vonum og gekk þetta vel og var þessu haldið áfram þetta misserið. Æfingar fyrir komandi sumar eru komnar í fullan gang og eru vonir bundnar við betri árangur heldur en síðasta sumar.

Tómas Freyr Kristjánsson  
og Jón Frímann Eiríksson

### Sunddeild UMFG.

Sundæfingar hófust í enda maí og voru alveg þar til að skóli byrjaði í ágúst. Yngstu árgangarnir voru duglegir að mæta á æfingar og sýndu frábærar framfarir á stuttum tíma. En sú nýbreytni var á æfingum að fyrst var farið á æfingu í frjálsum og síðan beint á sundæfingu þar sem sami þjálfari sá um hvoru tveggja. Þannig var meira aðhald um að mæta í báðar greinar en þetta mæltist sérstaklega vel fyrir hjá iðkendum.

Tvö mót voru haldin á vegum UMFG, hefðbundið 17. júní mót sem reyndar hefur færst degi framar og síðan síðsumarsmót. Í lok síðsumarmótsins fengu þátttakendur sundhettur frá sunddeildinni að launum.

### Golfklúbburinn Mostri



Árið 2010 hófst með óhefðbundnum hætti þar sem aðalfundur var haldinn mánuði síðar en venjulega og var undirbúningsvinna stjórnar fyrir sumarið því komin vel á veg áður en að aðalfundi kom. Undirbúningsvinnan var eins og undanfarin ár unnin með

hefðbundnum hætti þar sem stjórn hittist reglulega en reynt er að hafa fundi vikulega frá ársbyrjun og fram á vor ár hvert.

Talsverðar breytingar urðu á mannahaldi hjá golfklúbbnum

á árinu 2010 þar sem ákveðið var að fækka um eina stöðu á golfvelli og fjölga starfsfólki í skála þar sem upplýsingamiðstöðin var starfrækt á vegum klúbbsins en sótt var um leyfi til reksturs upplýsingamiðstöðvar samhliða tjaldstæðisrekstri, til reynslu á árinu 2010. Gerður var samningur við Stykkishólmsbæ til eins árs og fékk golfklúbburinn greiðslu fyrir rekstur upplýsingamiðstöðvar sem gerði klúbbnum kleyft að fjölga starfsfólki í skála. Stjórnin telur að þetta hafi gengið nokkuð vel og að það fari ágætlega saman að reka upplýsingamiðstöð og tjaldsvæðis og er það von mín að áframhaldandi samningar náist við Stykkishólmsbæ um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar í golfskálanum.

Ég tel okkur hafa verið mjög heppin hvað starfsfólk varðar en á velli störfuðu sem vallarstjóri Gunnar Björn Guðmundsson, Sveinn Arnar Davíðsson og Margeir Ingi Rúnarsson. Í skálann voru ráðnar fjórar ungar hnátur, þær Hulda Hildibrandsdóttir, Maren Guðmundsdóttir, Sigurlín Sumarliðadóttir og Kristín Inga Gunnlaugsdóttir.

Sumarið fór frekar rólega af stað á tjaldsvæðinu, ekki mikið af gestum framan af og var það helst rakið til heimsmeistaramóts í knattspyrnu. Þegar liða fór á sumarið jókst umferðin á tjaldsvæðinu og heilt yfir var aðsóknin mjög góð síðastliðið sumar.

Aðsókn á golfvöllinn var meiri en oft áður, þónokkur aukning í vallargjöldum og var völlurinn oft á tíðum þétt setinn. Almenn tótti heyra á gestum golfvallarins mjög svo jákvæðar raddir um þær breytingar sem gerðar hafa verið á vellinum og er það von okkar að á komandi árum verði áfram vöxtur á þessu sviði. Það er svo okkar að leggja metnað okkar í það að halda áfram, gera góðan völl enn betri og skapa okkur áframhaldandi gott orðspor sem ber hróður vallarins sem víðast.

Vinnu við völlinn var haldið áfram síðastliðið sumar þar sem unnið var að stækkun teiga og við ýmsar aðrar breytingar. Vallarnefndin hagaði undirbúningi þannig að farið var yfir völlinn að vori, verkefni sett niður og þeim forgangsraðað. Á fyrstu braut voru bæði gulur og rauður teigur stækkaðir, gulur teigur á annarri braut var tekinn upp og sléttaður og þökulagður að nýju og liggur fyrir að þann teig þurfi að taka í gegn eina ferðina enn. Þá voru einnig lagfærðir báðir teigarnir á fjórðu braut, nýr rauður teigur byggður upp á fimmtu braut og guli teigurinn á þeirri braut einnig lagfærður. Nýr rauður teigur var gerður á sjöundu braut, flötin á fjórðu braut stækkuð þar sem holtið hægra megin var rífið niður. Að afloknu formlegu mótahaldi sumarsins var svo ráðist í breytingar á níundu flötinni sem var stækkuð í átt að skála og að aftan auk þess sem aftari hlutinn var hækkaður. Hafin er vinna við nýja teiga við níundu braut og verða teigar á þeirri braut færðir og stækkaðir til muna. Einnig var lögð smávægileg vinna í æfingasvæðið og aðkomu að skálanum breytt.

Mótahald var með hefðbundnum hætti og aðsókn í mót almennt góð. Þann 19. Júní var haldið vígslumót þar sem völlurinn var formlega tekinn í notkun. Við þetta tilefni var stofnfélögum klúbbsins sérstaklega boðið ásamt formönnum klúbba á Vesturlandi og forsvarsmönnum GSÍ sem sáu sér því miður ekki fært að mæta en að öðru leyti var mótið öllum opið. Að móti loknu bauð klúbburinn til móttöku í golfskálanum þar sem boðið var upp á léttar veitingar og saga vallarins stuttlega rifjuð upp af góðum mönnum og

tókst dagurinn vel í alla staði. Golfklúbburinn sendi eins og undanfarin ár sveitir til þátttöku í sveitakeppni GSÍ þar sem karlasveit lék í 4. Deild að Vogum í Vatnsleysuströnd og kvennasveit lék í 1. Deild hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Vinaklúbbakeppnir karla og kvenna fóru einnig fram með hefðbundnum hætti og metþátttöku.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum í stjórninni, starfsfólki á velli og í skála, nefndarmönnum, klúbbfélögum og öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við vinnu á velli og í ýmsum störfum fyrir klúbbinn fyrir gott samstarf á liðnu ári. Einnig þakka ég Stykkishólmsbæ fyrir góðan stuðning og gott samstarf á árinu.

Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf. sá um launavinnslu, almennt bókhald og ársuppgjör fyrir klúbbinn og fær starfsfólk þeirra sérstakar þakkir fyrir gott samstarf.

#### **Stjórn og nefndir Mostra árið 2010:**

Stjórn Golfklúbbsins Mostra

Högni F. Högnason, formaður

Haukur Garðarsson, gjaldkeri

Helga Björg Marteinsdóttir, ritari

Daði Jóhannesson, meðstjórnandi

Einar Gunnarsson, meðstjórnandi

Katrín Pálsdóttir, meðstjórnandi

Rafn J. Rafnsson, meðstjórnandi

Vallarnefnd:

Rafn J. Rafnsson, formaður

Daði Jóhannesson

Egill Egilsson

Skarphéðinn E. Skarphéðinsson

Rúnar Örn Jónsson

Móta- og forgjafarnefnd:

Kjartan Páll Einarsson, formaður

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Rúnar Gíslason

Eyþór Benediktsson

Elísabet Valdimarsdóttir

Björgvin Ragnarsson

Kvennanefnd:

Katrín Pálsdóttir, formaður

Sigríður Gísladóttir

Svandís Einarsdóttir

Húsnefnd:

Helga Björg Marteinsdóttir, formaður

Símon Már Sturluson

Stefán B. Heiðarsson

Skoðunarmenn reikninga:

Davíð Sveinsson

Klæmint S. Antoniussen

Stykkishólmi 21. Janúar 2011

Högni Friðrik Högnason,

formaður

#### **Mótanefndar Mostra**

Mótanefnd Mostra 2010 var skipuð eftirtöldum:

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Elísabet Valdimarsdóttir, Björgvin Ragnarsson, Eyþór Benediktsson, Rúnar Gíslason og Kjartan Páll Einarsson formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt nokkra formlega fundi á starfsárinu auk margra óformlegra funda.

Mótahald Mostra á árinu 2010 var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Góð þátttaka var í meistaramótinu í júlí, hvassviðri kom þó í veg fyrir að hægt yrði að ljúka 4 hringjum og var því meistaramótið 54 holur að þessu sinni.

Í samvinnu við Hótel Stykkishólmi varð veruleg breyting á Hótel-mótinu, sem var breytt í parakeppni (ekki bundið við karl og konu í liði) þar sem 60 keppendur tóku þátt í 2ja daga móti, leikið var Greensome á fyrri degi og betri bolti seinni daginn. Hótelið lagði til vegleg verðlaun sem voru flug fyrir 2 og gisting í íbúð í Naples á Flórída í 2 vikur, auk ýmissa annarra verðlauna. Mótið tókst vel og endaði með verðlaunaafhendingu í golfskálanum. Eftir fyrri dag mættu allir til kvöldverðar á Hótel Stykkishólmi.

Starf mótanefndar gekk vel, áfram þarf að hlúa vel að innanklúbbsmótunum - GMS mótunum, þar er góður vettvangur fyrir klúbbfélaga á að ná framförum í golfíþróttinni sem og að vera í góðum félagskap.

Mótanefnd þakkar klúbbfélögum góða þátttöku í mótum og gott samstarf á árinu 2010.

Stykkishólmi í janúar 2011

F.h. mótanefndar,

Kjartan Páll Einarsson

# Ársreikningur 2010

Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu.

## Áritanir

### Áritun skoðunarmanna


Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum skoðað ársreikninga HSH fyrir árið 2010 og ekkert fundið athugavert. Við leggjum til að ársreikningur 2010 verði samþykktur.


Grundarfirði

08.04.2011

Staður

dagsetning

  
Gunnar Kristjánsson

 020952-4829  
Kristján Guðmundsson



Undirskrift formanns eða gjaldkera

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2010

| 1. Tekjur                                               | 2010                    | 2009                    |
|---------------------------------------------------------|-------------------------|-------------------------|
| 1.1 Rekstrartekjur .....                                | 4.309.748               | 3.059.477               |
| 1.2 Önnur framlög og styrkir .....                      | 2.452.561               | 2.718.092               |
| 1.3 Aðrar tekjur .....                                  | 541.016                 | 0                       |
| <b>Tekjur alls</b>                                      | <b><u>7.303.325</u></b> | <b><u>5.777.569</u></b> |
|                                                         |                         |                         |
| 2. Gjöld                                                |                         |                         |
| 2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....             | 3.139.737               | 604.118                 |
| 2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs .....                 | 2.383.625               | 2.790.864               |
| 2.4 Annar rekstrarkostnaður .....                       | 2.300.115               | 3.220.267               |
| <b>Gjöld alls</b>                                       | <b><u>7.823.477</u></b> | <b><u>6.615.249</u></b> |
|                                                         |                         |                         |
| <b>Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði</b> | <b>(520.152)</b>        | <b>(837.680)</b>        |
|                                                         |                         |                         |
| 2.5 Afskriftir fastafjármuna .....                      | (30.540)                | (30.540)                |
| 2.8 Fjármunatekjur .....                                | 19.409                  | 27.531                  |
| 2.9 Fjármagnsgjöld .....                                | (15.267)                | 0                       |
| <b>Afskriftir og fjármagnsliðir alls</b>                | <b><u>(26.398)</u></b>  | <b><u>(3.009)</u></b>   |
|                                                         |                         |                         |
| <b>Tekjuafgangur (tekjuhalli)</b>                       | <b><u>(546.550)</u></b> | <b><u>(840.689)</u></b> |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| 3. Eignir                               | 2010               | 2009             |
|-----------------------------------------|--------------------|------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                   |                    |                  |
| 3.1 Skrifstofubúnaður .....             | 10.060             | 40.600           |
| <b>Fastafjármunir samtals</b>           | <b>10.060</b>      | <b>40.600</b>    |
| <b>Veltufjármunir</b>                   |                    |                  |
| 3.2 Vörubirgðir .....                   | 0                  | 123.500          |
| 3.4 Skammtímakröfur .....               | 0                  | 0                |
|                                         | 0                  | 123.500          |
| 3.5 Handbært fé .....                   | 314.028            | 556.659          |
| <b>Veltufjármunir samtals</b>           | <b>314.028</b>     | <b>680.159</b>   |
| <b>Eignir alls</b>                      | <b>324.088</b>     | <b>720.759</b>   |
| <br><b>4. Skuldir og eigið fé</b>       |                    |                  |
| <b>Eigið fé</b>                         |                    |                  |
| 4.1 Eigið fé í ársbyrjun .....          | (801.478)          | 39.211           |
| 4.2 Hagnaður (tap) ársins .....         | (546.550)          | (840.689)        |
| <b>Eigið fé samtals</b>                 | <b>(1.348.028)</b> | <b>(801.478)</b> |
| <b>Langtímaskuldir</b>                  |                    |                  |
| 4.3 Veðskuldir .....                    | 0                  | 0                |
| 4.4 Aðrar langtímaskuldir .....         | 0                  | 0                |
| <b>Langtímaskuldir samtals</b>          | <b>0</b>           | <b>0</b>         |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                 |                    |                  |
| 4.5 Skuld við félagasamtök .....        | 1.672.116          | 1.522.237        |
| 4.6 Skuld við lánastofnanir .....       | 0                  | 0                |
| 4.8 Aðrar skammtímaskuldir .....        | 0                  | 0                |
|                                         | 1.672.116          | 1.522.237        |
| 4.8 Afborganir af langtímaskuldum ..... | 0                  | 0                |
| <b>Skammtímaskuldir samtals</b>         | <b>1.672.116</b>   | <b>1.522.237</b> |
| <b>Skuldir og eigið fé alls</b>         | <b>324.088</b>     | <b>720.759</b>   |

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2010

| <b>Rekstrarhreyfingar:</b>                                 | <b>2010</b>      | <b>2009</b>      |
|------------------------------------------------------------|------------------|------------------|
| Hagnaður (tap) ársins .....                                | (546.550)        | (840.689)        |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:           |                  |                  |
| Verðbætur af langtímaskuldum .....                         | 0                | 0                |
| Afskriftir .....                                           | 30.540           | 30.540           |
| <b>Veltufé frá rekstri</b>                                 | <b>(516.010)</b> | <b>(810.149)</b> |
| <br><b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b> |                  |                  |
| Vörubirgðir lækkun, (hækkun) .....                         | 123.500          | 0                |
| Skammtímakröfur lækkun, (hækkun) .....                     | 0                | 0                |
| Skammtímaskuldir lækkun, (lækkun) .....                    | 149.879          | 0                |
| <b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>      | <b>273.379</b>   | <b>0</b>         |
| <br><b>Handbært fé frá rekstri</b>                         | <b>(242.631)</b> | <b>(810.149)</b> |
| <br><b>Fjárfestingahreyfingar:</b>                         |                  |                  |
| Kaup á fastafjármunum .....                                |                  |                  |
| Aðrar fjárfestingahreyfingar .....                         |                  | 0                |
| <b>Fjárfestingahreyfingar alls</b>                         | <b>0</b>         | <b>0</b>         |
| <br><b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>                         |                  |                  |
| Tekin ný langtímalán .....                                 | 0 0              | 0                |
| Afborganir af langtímalánum .....                          | 0                | 0                |
| Aðrar fjármögnunarhreyfingar .....                         | 0                | 0                |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>                         | <b>0</b>         | <b>0</b>         |
| <br><b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>                   | <b>(242.631)</b> | <b>(810.149)</b> |
| <br><b>Handbært fé í ársbyrjun</b>                         | <b>556.659</b>   | <b>556.659</b>   |
| <br><b>Handbært fé í árslok</b>                            | <b>314.028</b>   | <b>(253.490)</b> |

## Skýringar og sundurliðanir

## Sundurliðun tekna 2010

|                                                   | 2010             | 2009             |
|---------------------------------------------------|------------------|------------------|
| <b>1.1 Rekstrartekjur</b>                         |                  |                  |
| 1.1.1 Lottó .....                                 | 3.982.826        | 3.059.477        |
| Getraunir .....                                   | 326.922          | 0                |
| <b>Rekstrartekjur</b>                             | <b>4.309.748</b> | <b>3.059.477</b> |
| <b>1.2 Önnur framlög og styrkir</b>               |                  |                  |
| 1.2.1 Styrkur frá Héraðsnefnd .....               | 1.500.000        | 1.500.000        |
| 1.2.2 Útbreiðslustyrkir ÍSÍ og UMFÍ .....         | 312.561          | 183.292          |
| 1.2.3 Móttæknir styrkir, UMFÍ fræðslusjóður ..... | 50.000           | 0                |
| 1.2.4 Skattur aðildarfélaganna .....              |                  | 351.300          |
| 1.2.5 Þátttöku og búningagjöld v/ULM 2009 .....   |                  | 618.000          |
| 1.2.6 Styrkir frá fyrirtækjum .....               | 590.000          |                  |
| 1.2.7 Endurgreidd gisting .....                   |                  | 65.500           |
| <b>Önnur framlög og styrkir</b>                   | <b>2.452.561</b> | <b>2.718.092</b> |
| <b>1.3 Aðrar rekstrartekjur</b>                   |                  |                  |
| 1.3.1 Seldur íþróttafatnaður .....                | 0                | 0                |
| 1.3.2 Seldar aðrar vörur .....                    | 0                | 0                |
| 1.3.3 Endurseld vinna .....                       | 541.016          | 0                |
| 1.3.4 Aðrar tekjur .....                          |                  |                  |
| <b>Aðrar rekstrartekjur</b>                       | <b>541.016</b>   | <b>0</b>         |

## Sundurliðun gjalda

|                                                                                     | 2010             | 2009             |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------|------------------|
| <b>2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>                                        |                  |                  |
| 2.1.1 Laun .....                                                                    | 2.406.200        | 480.000          |
| 2.1.2 Mótframlag í lífeyrissjóð .....                                               | 188.248          | 38.400           |
| 2.1.3 Tryggingagjald .....                                                          | 222.035          | 37.401           |
| 2.1.4 Dagpeningar .....                                                             | 287.300          | 24.200           |
| 2.1.5 Bifreiðastyrkir .....                                                         |                  | 0                |
| 2.1.6 Önnur launatengd gjöld .....                                                  | 35.954           | 24.117           |
| <b>Skrifstofu og stjórnunarkostnaður</b>                                            | <b>3.139.737</b> | <b>604.118</b>   |
| <b>2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs</b>                                            |                  |                  |
| 2.3.1 Verðlaun .....                                                                | 137.337          | 57.079           |
| 2.3.2 Ferðakostnaður, gisting og uppihald .....                                     | 139.085          | 92.959           |
| 2.3.3 Þátttökugjöld .....                                                           | 104.925          | 99.975           |
| 2.3.4 Lottó til aðildarfélaganna .....                                              | 1.672.116        | 1.522.237        |
| 2.3.5 Unglingalandsmót .....                                                        | 78.803           | 625.963          |
| 2.3.6 Keyptur íþróttafatnaður .....                                                 | 6.359            | 246.651          |
| 2.3.7 Veittir styrkir vegna íþróttastarfs .....                                     | 121.500          | 146.000          |
| 2.3.8 Aðkeypt þjónusta .....                                                        | 0                | 0                |
| 2.3.3 Birgðabreyting (afskrifaðar gamlar búningabirgðir og verðlaunapeningar) ..... | 123.500          | 0                |
| <b>Kostnaður vegna íþróttastarfs</b>                                                | <b>2.383.625</b> | <b>2.790.864</b> |

**2.4 Annar rekstrarkostnaður**

|                                                      |                  |                  |
|------------------------------------------------------|------------------|------------------|
| 2.4.1 Verktakagreiðslur til framkvæmdastjóra .....   |                  | 1.100.000        |
| 2.4.2 Simi og burðargjöld .....                      | 149.597          | 96.598           |
| 2.4.3 Kostnaður vegna funda og námskeiða .....       | 494.881          | 336.049          |
| 2.4.4 Reikningsleg aðstoð .....                      | 80.000           | 192.950          |
| 2.4.5 Pappír, ritföng og prentun .....               | 401.565          | 273.394          |
| 2.4.6 Auglýsingar .....                              | 93.733           | 8.715            |
| 2.4.7 Áskrift .....                                  | 37.810           | 0                |
| 2.4.8 Viðhald áhalda .....                           | 398.510          | 92.402           |
| 2.4.9 Tryggingar .....                               | 8.330            | 6.558            |
| 2.4.10 Fjármögnunarleiga á bifreið .....             |                  | 776.275          |
| 2.4.11 Félagsgjöld UMFÍ .....                        |                  | 0                |
| 2.4.12 Leiga á húsnæði .....                         |                  | 0                |
| 2.4.13 Rekstur bifreiðar .....                       | 490.273          | 180.851          |
| 2.4.14 Námskeið .....                                |                  | 0                |
| 2.4.15 Tölvukostnaður og internet .....              | 73.960           | 96.009           |
| 2.4.16 Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður ..... | 7.657            | 5.933            |
| 2.4.17 Annar kostnaður .....                         | 63.799           | 54.533           |
| <b>Annar rekstrarkostnaður</b>                       | <b>2.300.115</b> | <b>3.220.267</b> |

**Sundurliðun efnahags**

|                                   | 2010          | 2009          |
|-----------------------------------|---------------|---------------|
| <b>3.1 Skrifstofubúnaður</b>      |               |               |
| 3.1.1 Stofnverð í ársbyrjun ..... | 571.502       | 571.502       |
| 3.1.2 Afskrifað áður .....        | -530.902      | -500.362      |
| 3.1.3 Afskrifað á árinu .....     | -30.540       | -30.540       |
| 3.1.4 Annað .....                 | 0             | 0             |
| <b>Skrifstofubúnaður</b>          | <b>10.060</b> | <b>40.600</b> |

**Veltufjármunir**

|                               |          |                |
|-------------------------------|----------|----------------|
| <b>3.2 Vörubirgðir</b>        |          |                |
| 3.2.1 Búningabirgðir .....    | 0        | 53.500         |
| 3.2.2 Verðlaunapeningar ..... | 0        | 70.000         |
|                               | <b>0</b> | <b>123.500</b> |

**3.4 Viðskiptakröfur**

|                                                |          |          |
|------------------------------------------------|----------|----------|
| 3.4.1 UMFÍ vegna Lottó í desember .....        | 0        | 0        |
| 3.4.2 Íslenskar getraunir .....                | 0        | 0        |
| 3.4.3 Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur ..... | 0        | 0        |
| <b>Viðskiptakröfur</b>                         | <b>0</b> | <b>0</b> |

**Handbært fé**

|                                           |                |                |
|-------------------------------------------|----------------|----------------|
| <b>3.5 Landsmótssjóður</b> .....          | 0              | 0              |
| <b>3.9 Bankainnstæður og sjóðir</b> ..... | 314.028        | 556.659        |
| <b>Handbært fé</b>                        | <b>314.028</b> | <b>556.659</b> |

**4.1 Endurmatsreikningur**

|                                     |          |          |
|-------------------------------------|----------|----------|
| 4.1.1 Endurmatsreikningur 1/1 ..... | 0        | 0        |
| 4.1.2 Endurmat ársins .....         | 0        | 0        |
| <b>Endurmatsreikningur 31/12</b>    | <b>0</b> | <b>0</b> |

**4.2 Óráðstafað eigið fé**

|                                        |                   |                 |
|----------------------------------------|-------------------|-----------------|
| 4.2.1 Óráðstafað eigið fé 1/1 .....    | -801.478          | 39.211          |
| 4.2.2 Rekstrarafkoma ársins .....      | -546.550          | -840.689        |
| <b>Óráðstafað eigið fé 31/12</b> ..... | <b>-1.348.028</b> | <b>-801.478</b> |

**Skuldir**

|                                              |                  |                  |
|----------------------------------------------|------------------|------------------|
| 4.3 Ógreidd laun og launatengd gjöld .....   |                  | 0                |
| 4.4 Aðrar langtímaskuldir .....              | 0                | 0                |
| 4.5 Skuld við aðildarfélög vegna Lottó ..... | 1.672.116        | 1.522.237        |
| 4.6 Skuldir við lánastofnanir .....          | 0                | 0                |
| 4.7 Næsta árs afborganir .....               | 0                | 0                |
| 4.8 Aðrar skammtímaskuldir .....             | 0                | 0                |
| <b>Skuldir samtals</b> .....                 | <b>1.672.116</b> | <b>1.522.237</b> |



**FISKMARKAÐUR ÍSLANDS HF.**



**HVER ER  
EFTIRLÆTIS  
TALAN ÞÍN?**

Leyfðu þér smá Lottó!

